



- LÖGREGLU -

MAÐURINN



Ritstjóri
Tómas Frosti Sæmundsson

Ritnefnd Erna Sigfúsdóttir
RLS, Jón Svanberg Hjartarson
Ísafirði, Þórhallur Arnason
Eskifirði, Guðmundur Fylk-
isson RLS. Stefanía Vigfús-
dóttir LL



Ábyrgðarmaður
Sveinn I. Magnússon
formaður LL



Starfsmenn LL
Páll Winkel
framkvæmdastjóri



Stefanía Vigfúsdóttir
skrifstofumaður LL

Próförk
Atli Steinn Guðmundsson

Forsíðumynd
Frá Eiðavatni ljósmynd:
Árni Þór Sigmundsson



Lögreglumaðurinn
er gefinn út af Landssambandi
lögreglumanna

Netfang ll@bsrb.is
www.ll.is



Efnisyfirlit



**Ég veit hvar barnið þitt
er á leikskóla!**

bls 4



**Saga um tilkynningar
og færð á vegum**

bls 6

**Nokkrar hugleiðingar um
rannsóknir opinberra mála**

bls 8

Sekur - saklaus

bls 13

Betra er heilt en vel gróið!

bls 14

Áfalla- og álagshjálp

bls 17

**Ég kynntist mannlífínu
með nýjum hætti**

bls 18



Alltaf mikið um að vera

bls 20

**Breytingar, stjórnun þeirra
og áhrif á starfsfólk**

bls 22



Orlofshús sumarið 2006

bls 24

**Öldungamót lögreglumanna
í innanhússknattspyrnu 2005**

bls 26



**Vorferð Lögreglukórs Reykjavíkur
til Rússlands og Eistlands**

bls 27

Hugleiðing um umhverfisafbrot

bls 28

Efni til birtingar í Lögreglumanninum

- ◆ Skrifid stuttar greinar „það er skoðun undirritaðs“
- ◆ Ekki lengra en um 3.000 slög.
- ◆ Fordist skammstafanir
- ◆ Sendið gjarnan með myndir, stafrænar myndir eiga að vera í jpg formati.
- ◆ Vinsamlega látið fylgja með stöður, nafn, fastanúmer ef um lögreglumenn er að ræða, vinnustað, heimili og GSM númer sem hægt er að ná í viðkomandi.
- ◆ Ritnefnd/ritstjóri fer í gegnum allt aðsent efni. Að þeirri vinnu lokinni fær sendandi að vita hvor efnið birtist í blaðinu eða ekki.
- ◆ Samþykkt efni verður ritstýrt á þann hátt að það passi við efnið sem ætlast er til að birtist í blaðinu.
- ◆ Leyfi til birtingar efnis úr blaðinu er einungis leyft sé þess getið hvaðan það er fengið.

Formannshornid

Í nýrri viðhorfskönnun Gallup, þar sem spurt var út í traust landsmanna til mismunandi stofnana ríkisins, vekur það sérstaka athygli að traust landsmanna til lögreglu hefur aukist um 12% og mælist nú 79%. Aðeins Háskóli Íslands nýtur meira trausts eða um 86%. Það er afar ánægjulegt að sjá að traust almennings til lögreglu hefur aukist svo mikið á sama tíma og borið hefur á neikvæðri umfjöllun einstakra fjölmiðla um störf lögreglu.

Ljóst er að það hefur borið góðan árangur að svara á opinberum vettvangi með rökföstum og málefnalegum hætti, óréttmætri gagnrýni á störf lögreglu. Traust



til lögreglu hefur ekki mælst eins hátt síðan í ágúst 1993 eða í tæp 13 ár.

Landssamband lögreglumanna hyggst áfram leggja áherslu á að sjónarmiðum lögreglumanna verði komið á framfæri með málefnalegum og rökstuddum hætti, þegar fjallað er um störf lögreglu á opinberum vettvangi.

Sveinn I. Magnússon,
formaður

Tómas Frosti Sæmundsson nýr ritstjóri

Ég heiti Tómas Frosti Sæmundsson og starfa sem rannsóknarlögreglumadur hjá embætti lögreglustjórans í Reykjavík. Aðdragandinn að því að ég ákvað að taka að mér að ritstýra Lögreglumanninum er sá að ég hef lengi haft áhuga á því að koma að útgáfu þess blads.

Það gefur auga leið að Lögreglumadurinn byggir á því að lögreglumenn séu duglegir að koma með hugmyndir að efni í blaðið. Af nægu er að taka, t.d. hefur ýmislegt verið skrifað um deilu Vegagerðarinnar og lögreglunnar og sitt sýnist hverjum.

Sameining lögregluembættastendur fyrir dyrum og eru skiptar skoðanir á því hvernig staðið skuli að sameiningunni. Það hefur vakið athygli undirritaðs hversu skiptar skoðanir forsvarsmenn stærstu sveitarfélaganna hafa haft á sameiningunni á höfuðborgarsvæðinu. Að undanförunu hefur verið hægt að lesa eitt

og annað um þetta í helstu dagblöðum, enda stutt í sveitar-stjórnarkosningar. Nú þegar er búið að sameina slökkvilið og strætisvagna á höfuðborgarsvæðinu svo hvað er að því að gera það sama með lögregluna?

Kallar fjölmenningsamfélagið á breyttar áherslur innan lögreglunnar? Þeirri spurningu er oft varpað fram innan ræða lögreglumanna. Það kemur fram í leiðara formanns landssambandsins hversu mikils trausts lögreglan í landinu nýtur samanber nýlega könnun sem Gallup gerði. Það eru ákaflega gleðilegar fréttir. Það sem eflast á eftir að verða stærsta mál stéttarinnar næstu vikur og mánuði er hvernig lögreglan í landinu eigi að mæta því að varnarliðið sé að fara af landi brott. Hvaða áhrif hefur það á stjórn lögreglu á suðvesturhorni landsins?

Það er augljóst að hver ritstjóri hefur sinn eigin stíl og



skoðanir. Það má segja að fyrstu blöðin komi til með að verða tilraunir í sambandi við útlit og innihald bladsins. Ég hef leitað til ritnefndar, formanns og framkvæmdastjóra LL og fyrrum ritstjóra, Guðmundar Fylkissonar, um hugmyndir að efnistöku í þessu blaði. Júlíus Sigurðsson ljósmyndari mbl. og „góðkunn-

ingi“ lögreglunnar fær kærar þakkir fyrir ljósmyndir sem birtast í blaðinu. Ég vonast til að heyra frá lesendum bladsins um það sem vel hefur tekist og einnig um það sem betur mætti fara.

TFS.



Ég veit hvar barnið þitt er á leikskóla!

„Sé það „herkostnaður“ að lögreglumaður skaðist við skyldustörf sín mætti þá ekki fella það undir sama útgjaldalið ef saksóknari eða verjandi í sama máli yrði fyrir líkamsmeiðingum við málf lutninginn? Það yrði nú sennilega fréttæfni ef slík hegðun væri viðhöfð í réttarsölum.“

Hvað gengur eiginlega á hér?? Er von að spurt sé? Kannski, en svarið er einfalt. Þetta er það sem á stundum dynur yfir lögreglumenn þegar þeir sinna skyldustörfum sínum við misjafna hrifningu viðskiptavinnanna sem þó eiga fullan rétt á þjónustunni sem veitt er. Það er ekki einfalt að sinna vinnunni svo vel sé þegar hótanir um líkamsmeiðingar og dráp eru fylgifiskar samskiptanna.

Þannig þurfa þær stéttir sem halda uppi almannaöryggi í þessu landi að búa við það að almenningur geti ráðist að þeim, hótad og hindrad störf þeirra. Þetta á ekki aðeins við um störf lögreglunnar heldur einnig gagnvart t.d. slökkvi- og sjúkráflutningsmönnum hversu undarlega sem það kann að hljóma. Ekki er um það deilt að með því að ráðast gegn lögreglu og öðru björgunarliði og tálma þeim störf er fólk að brjóta gegn almennum hegningarlögum og ber því að vera refsad samkvæmt því. En hver er reyndin? Virtur lögfræðingur sagði eitt sinn, á ráðstefnu fyrir nokkrum árum, að það væri bara „her-

kostnaður“ ef brotið væri á lögreglumönnum í starfi þannig að þeir hljóti líkamstjón af. Lögreglumenn stunduðu jú þannig vinnu að þeir mættu alltaf búast við því að verða fyrir einhverjum skakkaföllum. Þetta er á margan hátt rétt. Starf lögreglumannsins eða annarra stétta í öryggisþjónustu er ekki alltaf unnið í „fraudplastinu“ eða í vernduðu umhverfi og það vita þeir best sem þau störf vinna. Þannig geri ég ráð fyrir því að ég geti skaðast í mínu starfi og ekki sé sjálfgefið að ég komi óbrotinn heim af vaktinni. Samt get ég ekki með nokkru móti litið á það sem eðlilegan hlut að mér sé unnið tjón á meðan ég sinni störfum mínum við að halda uppi allsherjarreglu og almannafríði eða þegar ég reyni að koma fólk til hjálpar í neyð. Sé það „herkostnaður“ að lögreglumaður skaðist við skyldustörf sín mætti þá ekki fella það undir sama útgjaldalið ef saksóknari eða verjandi í sama máli yrði fyrir líkamsmeiðingum við málf lutninginn? Það yrði nú sennilega fréttæfni ef slík hegðun væri viðhöfð í réttarsölum. Hægt er að fullyrða að allir lögreglumenn og eflaust slökkviliðsmenn líka hafi upplifað það í sínu starfi



að geta varla sinnt starfinu fyrir sjálfskipuðum sérfræðingum sem drifur að úr öllum áttum. Þessir sérfræðingar eru því miður ekki einu sinni allir ölvaðir en ölvun telst af mörgum afsökun fyrir óæskilegri hegðun, hvar sem er og hvenær sem er. Hvernig afsakar fólk sig sem ekki er ölvað? Kannski er þetta bara svona sjálfsagt, hver veit? Og ef þetta er svona sjálfsagt hver er þá ástæðan fyrir því? Jú, sennilega sú að fólk kemst upp með það að vaða með skít og skömm yfir allt og alla án þess að þurfa að svara fyrir sig svo nokkru nemi.

Í nýlegri viðhorfskönnun meðal lögreglumanna kemur fram að meira en helmingur allra lögreglumanna á Íslandi hefur orðið fyrir líkamsmeiðingum í starfi sínu eða 54%. Í sömu könnun kemur fram að 64% lögreglumanna hafa orðið fyrir ofbeldi eða hótunum sem þeir hafa tekið alvarlega. Er þetta ásætlanlegt vinnuumhverfi? Varla, en skoða verður málið frá báðum hliðum. Lögreglumenn hafa kannski ekki verið mjög duglegir við að kæra eða koma því á framfæri þegar að þeim er veist enda verið litið svo á að það sé til lítills ef dómskerfið lítur á þetta sem „herkostnað“ og málin því afgreidd skv. því. Því er nú haldið fram að lögreglumenn á Íslandi lifi að jafnaði þrettán árum skemur en aðrir Íslendingar. Ævikvöld lögreglumanna er því styttra en annarra og lýkur kannski bara um kvöldmatarleytið. Þá er um að gera að nýta daginn vel og reyna að knýja fram breytingar.

Þeir sem gæta réttar verða að njóta hans

Ef litið er í dómásafn Hæstaréttar eða einstaka héraðsdóma má álykta sem svo að brot gegn lögreglumönnum séu álitin léttvæg þrátt fyrir að refsirammí laganna sé 6 ára fangelsi. Þetta er kannski bara herkostnaður eftir allt saman og við eigum bara að príska okkur sæla með það að komast heilir heim eftir viðskipti við samborgara okkar. Nýlega er fallinn héraðsdómur yfir manni sem hafði í hótunum við lögreglumann. Hótanirnar beindust ekki aðeins gegn lögreglumanninum heldur einnig börnum hans og eiginkonu, sem ekkert höfðu gert af sér annað en það að eiga lögreglumann sem föður og eiginmann. Lögreglumanninum var hótad að hann yrði skorinn á háls að fjölskyldu sinni ásjáandi og að barn hans yrði sótt í leikskólann og það drepið ásamt eiginkonunni. Fyrir þessar hótanir fékk ákærði fjögurra mánaða fangelsisdóm. Já sko, fjögurra mánaða fangelsi er nú bara dágott, ekki satt. Jú, jú, nema að viðkomandi var með sama dómi dæmdur fyrir brot á fíkniefnalöggjöfinni og á umferðarlögum. Þá rauf viðkomandi skilorð með háttarni sínu og því leggst það ofan á. Útkoman er fjögurra mánaða fangelsi. Nú kann einhver að velta fyrir sér hversu mikið vægi hótunin gagnvart lögreglumanninum og fjölskyldu hans hefur í þessum dómi. Hversu langan dóm hefði viðkomandi fengið ef ekki hefði verið um önnur brot að ræða eða ef viðkomandi hefði ekki rofið skilorð? Hvaða skilaboð er verið að senda út í þjóðfélagið með svona dómum??

Raunveruleikinn

Sem betur fer er lögreglumönnum og fjölskyldum þeirra ekki hótad lífláti daglega. Engu að síður lenda lögreglumenn margoft í því að veist er að þeim við skyldustörf. Atlotin eru í formi högga og sparka og

af örlæti og virðingu sjá ýmsir sóma sinn í að hrækja á lögguna svona rétt til að láta í ljós skoðun sína á þjónustunni.

Skoðum nú dæmi sem átt getur sér stað í raunverleikanum, hvar sem er á landinu. Lögreglumenn eru staddir fyrir utan skemmtistað og hafa afskipti af pilti sem lætur ófriðlega og veitist að fólki. Þegar lögreglumenn hafa afskipti af honum flykkist að fólk og reynir að koma í veg fyrir að lögreglumenn sinni starfi sínu, sem þó felst í því að vernda þá sömu fyrir piltinum. Fremst í flokki fer kona sem að öllu jöfnu er dagfarsprúð en á það sameiginlegt með lögreglumenn að hafa stundum hendur í hári fólks, þó með öðrum hætti. Þessi hárgreiðslukona er nú allt í einu orðin uppivöðslusöm og rífur kjaft sem fengi hún borgað fyrir. Þetta er jú allt í lagi því hún er aðeins í glasi eins og sagt er og því eðlilegt að fólk hagi sér svona. Hún lætur gífurðin bylja á lögreglumönnum og leggur áherslu á orð sín með því að hrækja í andlit eins þeirra. Hún kemst upp með það í þetta sinnið og slumman er þurrkuð í jakkaermi lögreglujakkans svo hægt sé að ljúka afskiptunum af ólátabelgnum, sem nú var kannski bara orðinn til fyrirmyndar miðað við þá sem í kringum hann voru.

Snúum nú dæminu við. Piltur nokkur situr inni á hárgreiðslustofu og er í klippingu hjá konunni sem um helgina sletti úr klaufunum og hrækti á lögguna. Pynnkan er farin og mórallinn heldur á uppleið enda sennilega kominn miðvikudagur. Lögreglumaðurinn áður nefndi labbar hjá hárgreiðslustofunni og sér að konan er með hendur í hári mannsins og ekki nóg með það heldur er hún vopnuð skærum. Lögreglumaðurinn hugsar sem svo hvort ekki sé rétt að skakka leikinn og setja sig þannig í spor konunnar sem sá jú ástæðu til þess að leiðbeina lögreglumenn um helgina en helvítin vildu ekki hlusta og því varð að hrækja á þá. Lögreglumaðurinn vippar sér inn á hárgreiðslustofuna og hrópar svívirðingar að hárgreiðslukonunni, hvort hún ætli virkilega að klippa piltinn svona stutt, hann hrindir henni frá piltinum, sem verður hissa enda edrú í þetta skiptið. Lögreglumaðurinn óskrar sömu fúkyrðin og konan hafði notað um helgina og að endingu hrækir hann á hana. Hárgreiðslukonan þurrkar slummuna í blússuna sína og heldur áfram að klippa piltinn en á ansi erfitt með það enda argandi og gargandi fullvaxta lögreglumaður á öxlunum á henni og reynir hvað hann getur til þess að tálma henni klippistörfin. Aðrir gestir á hárgreiðslustofunni líta upp úr tímaritunum og fussa yfir því hversu ömurleg klippingin sé og hóta því að berja hárgreiðslukonuna hætti hún ekki að klippa piltinn.

Er þetta ekki bara sjálfsagt mál? Sleppum öllum kærnum og hættum að pirra okkur á þessum fja.... herkostnaði. Er ekki bara málið að heimsækja vinnustaði og halda uppi svipuðum atlotum og við tökumst á við á okkar vinnustað, götunni? Það væri nú skondið að sjá upplitið á fólki ef lögreglumenn gerðu þetta þó ekki væri nema svona einu sinni. Nei annars, kannski ekki. Ágætur maður sagði eitt sinn: „Það þarf að aga þessa þjóð.“ Er það ekki bara mergurinn málsins?

Lifið heil.

Jón Svanberg Hjartarson

„Ég hlakka til að sjá þig þegar þú ert ekki í löggugallanum. Djöfull skal ég drepa þig! Já, ég sker þig á háls fyrir framan fjölskyldu þína. Svo veit ég líka hvar börnin þín eru á leikskóla. Ég mun bíða þeirra og murka lífið úr fjölskyldu þinni.“

Saga um tilkynningar og færð á vegum



Síðustu mánuði hefur verið mikil umræða um starfssvið Vegagerðarinnar þar sem af óútskýrðum ástæðum stendur til að veita starfsmönnum hennar heimild til víðtæks eftirlits með ástandi bifreiða, „kyrrsetningarheimild“ þegar bifreiðar eru í slæmu ástandi og fleira sem með engu móti stenst lög um meðferð opinberra mála né lög-reglulög. Lögreglumenn þekkja umræðuna sem átt hefur sér stað vegna þessa en LL hefur fært málefnaleg rök fyrir því að slíkar lagabreytingar stangist á við meginreglur opinbers réttarfars. Eins og glöggir menn sjá verður þessi breyting þess valdandi að hluti af eiginlegri starfsemi lögreglu færist á fleiri hendur. Vegna þessa hefur LL velt fyrir sér hvort ekki sé ástæða til að skoða hvort eðlilegt væri að flytja aðra þætti er lúta að öryggismálum á vegum yfir til lögreglu sem nú tilheyra öðrum stéttum, fag- og ófaglærðum. Það sem í raun kom af stað þessari hugleiðingu LL er spaugilegt upphlaup er átti sér stað á dög-unum og varðar samskipti starfsmanns Vegagerðar við Umferðarstofu, lögreglu og fjölmiðla. Verður nú gerð grein fyrir helstu liðum samskiptanna en af tilliti við aðila máls verður nafna ekki getið.

Upphaf máls var á þá leið að xx, starfsmaður Vegagerðar, sendi erindi á fjölmiðla og Umferðarstofu og var greinilega mikið niðri fyrir. Hljómaði bréfið á þessa leið: „Nokkuð hefur borið á því að aðilar sem ekki teygjast (sic) Vegagerðinni (lögregla, vegfar- endur, flutningabílstjórar og fl.) hringi til fjölmiðla og gefi upp færðarástand á vegum sem ekki er í samræmi við þær reglur og staðla sem Vegagerðin hefur sett sér að vinna eftir.

Síðasta dæmið er fyrr í dag en þá kom í fjölmiðlum viðvörðun um flughálfu og slæmt veður á Öxnadalshéiði. Ekki var haft samráð við Vegagerðina (sími 1777) áður en þessi tilkynning fór í loftið en hún er ekki í samræmi við reglur Vegagerðarinnar. Aðeins var um hálfu að ræða á þessum stað. Vegfarendur hringdu til okkar og voru mjög ósáttir við að ranglega væri farið með upplýsingar um færð. Mörg önnur dæmi höfum við þar sem ósamræmi er milli færðarskilgreiningar Vegagerðarinnar og þeirra sem hringja til fjölmiðla og tilkynna ástand.

Ég vil því biðja ykkur móttakendur góðir um að ganga úr skugga um sannleiksgildi slíkra tilkynninga hjá Vegagerðinni (sími 1777) því mikilvægt er að sami mælikvarðinn sé ávallt notaður fyrir viðkomandi ástand. Það ætti að vera regla hjá fjölmiðlum

að fá staðfestingu hjá Vegagerðinni um færðarástand áður en slíkt er birt opinberlega.“

Umferðarstofa sá vissulega ástæðu til að svara þessum skemmtilegu skilaboðum frá Vegagerðinni og sendi svar til fjölmiðla og góðs starfsmanns Vegagerðar. Í því erindi kom m.a. fram að lögregla hefði haft samband við Umferðarstofu og komið þeim skilaboðum á framfæri að mikil hálka hefði verið á Öxnadalshéiði en lögreglumaður í eftirlitsferð þar hafði orðið vitni að því að vegfarendur lentu í mikilli hættu sökum hálku og sjálfur hafði lögreglumaðurinn verið hársbreidd frá því að lenda í árekstri er ökumaður bifreiðar sem kom úr gagnstæðri átt missti stjórn á henni vegna hálku og endaði á öfugum vegarhelmingi. Þá kom fram í erindi Umferðarstofu að hún teldi sig með tilkynningunni hafa verið að áréttu eldri skilaboð frá Vegagerð þess efnis að hálka væri á þessum slóðum. Þá leiðrétti Umferðarstofa þá villu sem fram kom í pósti Vegagerðar að ekki hefði verið fjallað um óveður í tilkynningu Umferðarstofu. Sá lögreglumaður sem sent hafði upphafleg boð til Umferðarstofu sá að sjálfsögðu ástæðu til að koma að sjónarmiðum lögreglu í þessu afar sérkennilega og valdsmannslega upphlaupi starfsmanns Vegagerðar. Í því erindi segir: „Ég verð að segja að ég undrast nokkuð viðbrögð Vegagerðarinnar vegna tilkynningar lögreglunnar um hálku á Öxnadalshéiði. Upphaf máls er að ég sendi lögreglumann til umferðareftirlits í Hörgárdal, Öxnadal og Öxnadalshéiði eftir hádegi í dag. Lögreglumaðurinn hafði símasamband við mig um miðjan dag, þar sem hann var staddur á Öxnadalshéiði og sagði að það væri ísing og flughálka á heidinni, niður Bakkaselsbrekku og áleiðis niður Öxnadal. Lögreglumaðurinn kvaðst hafa haft afskipti af ökumanni neðst í Bakkaselsbrekkunni. Þar sem þeir stóðu á veginum hafi ökumaður hins bílsins runnið af stað undan brekkunni en náð að stoppa sig og feta sig upp að bílnum. Hann hafi sagt sem svo „Þetta kallar maður nú flughálku.“ Stuttu seinna kveðst lögreglumaðurinn hafa gefið ökumanni, sem kom á nokkrum hraða úr gagnstæðri átt, aðvörunarmerki. Ökumaðurinn hafi tiplað á hemlana og misst stjórn á bifreiðinni þannig að hún fór yfir á öfugan vegarhelming og munaði hársbreidd að hún lenti á lögreglubifreiðinni.

Lögreglumaðurinn ræddi við ökumann þessarar bifreiðar og var staðan á veginum þannig að ökumaðurinn renndi sér fótskriðu á honum þegar hann sté út úr bílnum. Lögreglumaðurinn var þá búinn að kveikja á eftirlitsmyndavél lögreglubifreiðarinnar og kemur þetta vel fram á upptöku úr henni. Lögreglumaðurinn sagði mér að hálkan væri mjög lúmsk að því leyti að hún rynni saman við hálkuleysi neðar í dalnum. Taldi hann nauðsynlegt að vara vegfarendur við hálkunni og láta Vegagerðina vita af ástandinu. Af þessu tilefni hafði ég samband við Umferðarstofu og lét vita af hálkunni og einnig við Vegagerðina til að unnt væri að sandbera eða gera aðrar ráðstafanir. Þá kom fram að Vegagerðin hafði sandborið á þessum stað í morgun en að ekki væri netsamband til að fylgjast með veðrinu á heidinni. Það skal tekið fram að ekki var minnst á veður, hvorki við Vegagerðina né Umferðarstofu, heldur aðeins hálkuna. Ekki veit ég hvaðan Vegagerðin hefur það að talað hafi verið um óveður.

Ég þekki ekki þær reglur og staðla sem Vegagerðin hefur sett sér til að vinna eftir, enda er ég lög-

reglumaður. Hitt er víst að skv. ofanritaðri lýsingu lögreglumannsins þurfti ekki að velkjast í neinum vafa um að það var mikil hálka í Bakkaselsbrekku. Enda staðfestir myndbandið það og ég skil ekki hvernig er hægt að halda því fram að ranglega hafi verið farið með upplýsingar um færð. Þarna er um að ræða mikið slyasvæði en á síðasta ári létust 4 aðilar þar í umferðarslysum en það er fimmtungur af öllum banaslysum á landinu það árið. Þarna var því ærin ástæða til að vara vegfarendur við ástandinu, enda hefur það, á þeim rúmu 20 árum sem ég hef starfað í lögreglunni, tíðkast að lögregla vari vegfarendur við hættum á vegunum vegna veðurs, færðar, framkvæmda o.fl. Hingað til hefur lögreglan ekki þurft blessun Vegagerðarinnar á slíkum tilkynningum. Menn hljóta að sjá að það er ábyrgðarluti að fara krókaleiðir með slíkar tilkynningar og það seinkar tilkynningunni en ég ætla ekki að axla ábyrgð á því sem kann að gerast á meðan. Lögreglan leggur sig í framkróka um að tryggja öryggi allra í umferðinni, eins og ég þykist vita að Vegagerðin og Umferðarstofa geri líka.“

Eins og fram kemur í erindi lögreglu taldi hún nauðsynlegt að tilkynna þegar í stað alvarlegt ástand á þessum slóðum enda höfðu orðið þarna 4 dauðaslys á liðnu ári og mikilvægt að koma skilaboðum fljótt og örugglega áleiðis til vegfarenda í stað þess að hafa samband við Vegagerð og fá símleiðis „réttu“ hugtakanotkun Vegagerðar á hálku samkvæmt „stöðlum“ sem hún hefur sett sér. Eins og glöggir lesendur sjá liggur fyrir að viðkomandi starfsmaður Vegagerðar hafði einstaklega lélegan málstað í þessari fallegu valdabaráttu hans við fjölmiðla, Umferðarstofu, lögreglu, bifreiðastjóra og aðra vegfarendur. Hefði maður þá haldið að hann léti hér við sitja og hætti frekari afskiptum af málinu en til að bíta höfuðið af skömminni sendi hann eitt erindi frá sér að lokum þar sem hann gerir athugasemdir við hugtakanotkunina „fljúgandi hálka“ og virðist telja að almenningur skilji ekki slíkt heldur hafi verið eðlilegra að beita „rökfræði“ og kalla þetta frost og eljagang enda það í samræmi við skilgreiningar Vegagerðar um færð. Í ljósi ofangreinds veltir maður fyrir sér hvort ekki sé nauðsynlegt að færa tilkynningaskyldu um færð á vegum og aðra hættu sem stöðjar að vegfarendum til lögreglu þar sem starfa einstaklingar sem hafa sömu málnotkun og almenningur og láta formsatriði og orðhengilshátt ekki hafa áhrif á tilkynningaskyldu um alvarlegar hættur í umferð.



Eins og fram kemur í erindi lögreglu taldi hún nauðsynlegt að tilkynna þegar í stað alvarlegt ástand á þessum slóðum enda höfðu orðið þarna 4 dauðaslys á liðnu ári og mikilvægt að koma skilaboðum fljótt og örugglega áleiðis til vegfarenda í stað þess að hafa samband við Vegagerð og fá símleiðis „réttu“ hugtakanotkun Vegagerðar á hálku samkvæmt „stöðlum“ sem hún hefur sett sér.

**Páll E. Winkel
framkvæmdastjóri LL**



Ingimundur Einarsson,
varalögreglustjóri í Reykjavík

Nokkrar hugleiðingar um rannsóknir opinberra mála

(Úr fyrirlestri höfundar á námsstefnu FÍR 29. október 2005)

Hlutverki lögreglu og markmiði lögreglurannsóknar er lýst í 1. og 8. gr. lögreglulaga og IX. kafla laga um meðferð opinberra mála (oml.), sem ber heitið „Rannsókn“. Með orðinu „rannsókn“ er átt við þær aðgerðir lögreglu og ákærvalds, sem miða að því að upplýsa;

- ◆ hvort brot hafi verið framið,
- ◆ hvort brotið sé þess eðlis að það sæti saksókn samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála og
- ◆ hver hafi þá framið það.



Ingimundur Einarsson

Með hliðsjón af þessari skilgreiningu á rannsóknarhugtakinu er markmið lögreglurannsóknarinnar, eins og því er lýst í 67. gr. oml. „að afla allra nauðsynlegra gagna til þess að ákæranda sé fært að ákveða að henni lokinni hvort sækja skuli mann til sakar, svo og að afla gagna til undirbúnings málsmeðferðar.“

Samkvæmt þessu er lögreglurannsókn unnin fyrir eða í þágu ákærvaldsins og í þeim tilgangi að hægt sé að taka ákvörðun um saksókn. Ákveði ákærvaldið að sækja mann til sakar, teflir það fram í dómi þeim sönnunargögnum sem það telur nauðsynleg til sakfellingar og hefur verið aflað við lögreglurannsóknina. Sönnunarfærslan fer fram í dóminum, ekki hjá lögreglunni, og það er dómarrinn sem á um það

mat hvort komin sé fram nægileg sönnun um sekt sakbornings. Stundum er eins og þetta vilji gleymast og rannsóknarvinnan verði því umfangsmeiri og ítarlegri en efni og lög standa til. Vil ég þá sérstaklega benda á eitt atriði.

Samkvæmt 1. tl. 69. gr. oml. skal rannsóknari taka skýrslur af sakborningi og vitnum. Sakborningi ber að mæta til yfirheyrslu hjá lögreglu og þar er hann yfirheyrður um atvik og að öðru leyti rannsökuð þau atriði sem mælt er fyrir um í 71. gr. oml. Öðru máli gegnir um vitnin, þeim er alls ekki skylt að mæta hjá lögreglu, þótt á hinn bóginn sé öllum skylt að mæta fyrir dóm, sbr. 1. ml. 1. mgr. 49. gr. oml. Af þessu leiðir að engu vitni er skylt að undirrita eitt eða neitt hjá lögreglu. Með hliðsjón af því sem ég hefi þegar



um að breyta því verklagi sem ég hefi hér lýst og færa í betra horf, en hefur hingað til ekki mætt nægum skilningi.

Þessar hugleiðingar tengjast umræðunni um trúverðugleika lögreglumanna. Sjálfum þykir mér löngu tímabært að ákærvald og dómstólar taki mark á eiðsvörnum lögreglumönnum og leggi trúnað á yfirlýsingar þeirra og skýrslur, líkt og víða tíðkast. Það hlýtur að vekja lögreglumenn til umhugsunar að vita að í ýmsum öðrum Evrópulöndum komast menn af með allt annað fyrirkomulag. Ég hef heimildir fyrir því að rannsóknarlögreglumenn í Hollandi setji sínar skýrslur fram sem yfirlýsingu (statement) um hvað þeir gerðu og hvaða upplýsinga þeir öfluðu. Þeir skrá skýrslur sínar og undirrita að viðlögðum drengskap eða eiði sem þeir hafa einnig undirritað. Slík skýrsla er tekin til greina að fullu og öllu. Þeir mæta nánast aldrei fyrir dómi, en í alvarlegustu málum mæta þeir á fund hjá ákærvaldi, fyrir réttarhöld. Í Danmörku tíðkast ekki að þeir sem yfirheyrðir eru sem vitni hjá lögreglu riti undir þær skýrslur sem lögreglumenn skrá niður og hafa að geyma efnisatriði úr framburði þeirra. Skýringin er einföld, sami maður kemur fyrir dóm í fyllingu tímans og það sem skiptir máli, hvað hann varðar, á að koma fram fyrir dómi. Vonandi rennur einhvern tíma upp sá dagur að okkar ágætu lögreglumenn fái notið þess trúnaðar og trausts sem þeir eiga vissulega skilið og að þeim verði gert kleift að vinna þann hluta starfsins sem lýtur að samskiptum við vitni með líkum hætti og ég hefi rakið, - og að fullt mark verði þá tekið á lögregluskýrslum.

Undanfarin ár hefur margt breyst í lögreglurannsóknnum og meðferð opinberra mála, og flest er það af hinu góða. Hins vegar þykir mér ferill lögreglurannsóknarinnar sjálfur dálítið hafa setið eftir, þ.e. frá móttöku kæru til loka lögreglurannsóknar. Vissulega eru vinnubrögðin misjöfn eftir embættum og ekki dettur mér í hug að alhæfa neitt í þessum efnunum. Ég þekki hins vegar til hjá lögreglunni í Reykjavík og þykir mér sem ýmislegt mætti vera þar öðruvísi en raunin er.

Á borðum rannsóknarlögreglumanna í Reykjavík er gríðarlegur fjöldi mála og þangað berast margar kærur á hverjum degi. Mikil reynsla og þekking er þar til staðar og því ætti að vera hægt að greina hismið frá kjarnanum strax í upphafi, og vísa frá án frekari fyrirhafnar öllum kærum sem ekki standast lágmarkskröfur að efni til samkv. 76. gr. oml. Ákvæðið veitir ótvíræða heimild til þess að vísa slíkum kærum frá, en hvað gerist í raun? Oftar en ekki er vinnu og tíma eytt í það að „skoða“ mál eða „taka bara eina skýrslu af þessum eða hinum,“ til



rakið varðandi markmið rannsóknar má halda því fram að hlutverk lögreglu hvað vitni varðar sé fyrst og fremst að finna vitnin, komast að því hvað þau geta eða munu bera ef og þegar þau koma fyrir dóm og gera um það skýrslu. Það er jú þar sem sönnunarfærslan fer fram, - ekki hjá lögreglu.

Ég ætla að skýra þetta frekar með dæmi:

Lögreglumaður þarf að tala við fimm vitni út af sama atvikinu. Hann boðar vitnin á lögreglustöðina og reynir að finna tíma sem öllum hentar. Óþægindin eru augljós, ekki síst fyrir vitnin, þau þurfa að koma á lögreglustöðina, kannske um langan veg og jafnvel að taka sér frí úr vinnu. Sumir geta þó ekki komið til yfirheyrslunnar fyrr en eftir vinnu, og það hentar lögreglunni misvel og kannske alls ekki. Þegar allt er klappað og klárt, tími fundinn sem allir geta sæst á, fer yfirheyrslan svo fram á skrifstofu lögreglumannsins, rituð er nákvæm skýrsla af því sem vitnin hafa að segja og svo er hún undirrituð í bak og fyrir, við votta. Og allt er þetta gert þótt vitni beri engin skylda til að mæta hjá lögreglunni eða undirrita þar eitt eða neitt. Og viti menn, - í fyllingu tímans eru sömu vitni kölluð fyrir dóminn, þeim ber jú skylda til að mæta þangað, og þar er þeim gert að greina frá atvikum, eða bara eins og við könnumst mörg við í dag, að staðfesta undirskrift sína á þeirri skýrslu sem rituð var á lögreglustöðinni.

Væri ekki nær að lögreglumaðurinn sem rannsakar málið færi út í bíl og hittu fyrir þessa fimm einstaklinga, ræddi við þá um það sem máli skiptir, skrifi það hjá sér og geri um það skýrslu? Það gæti hann gert á 1 - 2 klukkustundum, hvað þá ef eitthvað af því færi fram í gegnum síma.

Þrátt fyrir þetta má ekki gleyma því að rík skylda hvílir á lögreglumanni sem rannsakar mál, honum ber að gera skriflegar skýrslur um allar sínar rannsóknargerðir, þar á meðal að skrá skýrslur þeirra eru yfirheyrðir.

Vert er að geta þess að í mörg ár hefur yfirlögregluþjónn rannsóknardeildar í Reykjavík lagt sig fram

„Á borðum rannsóknarlögreglumanna í Reykjavík er gríðarlegur fjöldi mála og þangað berast margar kærur á hverjum degi. Mikil reynsla og þekking er þar til staðar og því ætti að vera hægt að greina hismið frá kjarnanum strax í upphafi, ...“



„Lögreglan þarf að vera á varðbergi gagnvart tilefnislausum kærurum og hafa kjark til þess að vísa þeim strax frá, gæta þess sérstaklega að búa ekki til mál eða skrá þau, nema þau eigi erindi áfram.“

þess eins að taka síðar ákvörðun um meðferð kæru. Í nokkrum málaflökkum er forræði sakar hjá þeim sem misgert er við. Í þeim tilvikum ætti hiklaust að hætta rannsókn máls ef ekki liggur fyrir yfirlýsing um kæru frá þolanda.

Og meira um þetta. Það færast í vöxt að ýmsir aðilar og hópar láti hafa eftir sér að þeir muni fela lögreglunni hitt eða þetta, rétt eins og lögreglan sé almenn lögfræðiskrifstofa úti í bæ. Fyrir örfáum dögum mátti heyra fréttir af því að vegna ágreinings um launa-uppgjör átti að siga lögreglu á vinnuveitanda. Og í nýlegri deilu tveggja fyrirtækja um markaðsátak og auglýsingar heyrði ég ekki betur en að annar aðilinn ætlaði að „kæra þetta til lögreglunnar.“ Og ég spurði sjálfan mig: Kæra hvað? „Stuld“ á viðskiptahugmynd sagði einhver við mig. Í fljótu bragði fæ ég

ekki séð hvernig ætti að heimfæra slíkt til refsí-ákvæðis.

Þegar ég heyrði þetta datt mér í hug atvik frá því ég stundaði lögfræðipraxis. Þá kom til mín kúnni sem vildi að ég legði fram kæru á hendur kunningja sínum. Atvikin voru þau að skjólstæðingur minn hafði komið auga á ljómandi falletta íbúð í borginni, á mjög góðu verði. Hann ræddi þetta við ýmsa og talaði fjálglega um að líklega myndi hann græða á þessum „díl“. En viti menn. Þegar hann ætlaði að gera tilboð var eignin seld, - og það kunningja hans, - sem hafði frétt að þessi falletta og góða íbúð væri til sölu. Og nú vildi hann kæra kunningja sinn fyrir það að hafa stolið frá sér þessari snilldarhugmynd. Því segi ég: Lögreglan þarf að vera á varðbergi gagnvart tilefnislausum kærurum og hafa kjark til þess að vísa þeim strax frá, gæta þess sérstaklega að búa ekki til mál eða skrá þau, nema þau eigi erindi áfram.

Ég ætla að nefna tvö önnur dæmi.

Það vakti athygli mína þegar ég hóf störf hjá lögreglunni í Reykjavík fyrir nokkrum árum að við eyddum mikilli vinnu í mál sem varða við 217. gr. alm. hegningarlaga, eða minni háttar líkamsárásir. Um hverja helgi og í hverri viku verða til lögregluskýrslur um slík mál og að því er virðist er endalaust tekið við kærurum um slík brot. Oft er um að ræða ósætti eða þústra milli aðila sem þekkjast innbyrðis, eða hafa a.m.k. átt einhver samskipti áður. Og æði oft kemur ölvun við sögu. Í 2. mgr. 217. gr. alm. hgl. segir beinlínis að mál skuli ekki höfða nema almanna-hagsmunir krefjast þess. Enginn hefur gefið lögreglu leiðbeiningu um hvernig beri að túlka þetta og hef ég sjálfur verið fylgjandi því að beita þessu ákvæði í meira mæli, ekki bara að hætta við saksókn heldur hætta rannsókn á fyrri stigum. Góð lögregluskýrsla ætti að geta upplýst mál nægilega vel til að taka slíka ákvörðun.


Hitt dæmið varðar „hótanir“ með SMS-skilaboðum. Lögreglan hefur lengi vitað af deilum fólks í tengslum við sambúðar- eða hjúskaparslit, svo og deilum vegna forræðis barna. Í gegnum tíðina hefur vafalítið ýmislegt verið látið flakka, bæði í síma og þegar fólk hittist á samningafundum og öðrum mannamótum. Nú bregður svo við að stafræna tæknin gerir fólki mögulegt að senda kveðjur með smáskilaboðum (SMS) og oftar en ekki eru þar einhver fúkyrði, skammir eða heitingar, sem viðtakandinn kys að túlka sem hótun. Það sama var e.t.v. sagt við hann berum orðum áður, en af því það er til í þessu formi fer viðkomandi til lögreglu og vill kæra hótanir. Lögreglan, a.m.k. á höfuðborgarsvæðinu, hefur þurft að sinna slíkum kærurum, reyndar fjöldanum öllum. Og jafnvel þótt ekkert verði úr málunum er fyrirhöfnin töluverð. Í því ákvæði hegningarlagna sem fjallar um hótanir, 233. gr., er áskilið að hótun sem höfð er í frammi verði að vera til þess fallin að vekja ótta um líf, heilbrigði eða velferð einhvers. Ég leyfi mér að halda því fram að kærur fólks vegna hótana með tölvupósti eða í formi SMS-skeyta eigi oftar en ekki að flokkast sem kvörtun yfir ljótu orðbragði, fremur en „hótun“. Heitingar og meiningar sagðar í hita leiksins, milli einstaklinga sem jafnvel þekkjast náð, eiga ekki einar og sér og án skoðunar að kalla á lögreglurannsókn vegna þess að öðrum að-

ilanum þykir sér misboðið. Ekki má heldur gleyma því að slíkar kærur eru stundum sannanlega settar fram í hefndarhug eða af einhverjum öðrum hvötum, fremur en að móttakandi óttist raunverulega um líf sitt, heilbrigði eða velferð sína eða annarra.

En, - það er ekki lögreglunnar eða refsivörslukerfisins að kenna fólki almenna mannasíði. Hins vegar held ég að það sé verðugt verkefni fyrir stjórnendur í lögreglu, og þá í samráði við ákærvaldið, að breyta þessu, marka skýrari reglur um hvaða kærur skuli tekið við og hverjum vísað frá.

Ég læt þessu þá lokið. Hugmynd mín með þessum fyrirlestri var sú að deila með ykkur nokkrum atriðum í sambandi við rannsóknir mála, atriðum sem hafa verið mér hugleikin undanfarin ár þegar ég hefi velt fyrir mér hvernig megi bæta rannsóknir, gera þær skilvirkari og hraða málsmeðferðinni, allt í því skyni að við getum einbeitt okkur að málum sem raunverulega þarf að rannsaka.

Námsstefna FÍR 29.10.2005
Ingimundur Einarsson



Minning:

Svavar G. Svavarsson

Fæddur 10. mars 1978 - Dáinn 2. febrúar 2006



Við andlát Svavars G. Svavarssonar leita á okkur samstarfsmenn hans ótal hugrenningar og minningabrot. Minningar um ungan og áhugasaman mann sem lagði sig allan fram við störf sín og viðfangsefni, óhræddur að leita svara við þeim spurningum sem brunnu á honum í dagsins önn. Einstaklega þægileg nærvera og gott viðmót einkenndu hann og við nán-

ari kynni benti allt til þess að þessi ungi maður ætti sér bjarta framtíð og myndi ná langt í starfi sem átti hug hans allan. Sú ákvörðun hans að mennta sig erlendis gladdi okkur mjög og við hlökkudum til þess að fylgjast með honum í framtíðinni þegar hann kæmi til baka, fullur af vísýni og nýjum hugmyndum.

En margt fer öðruvísi en ætlað er og ólæknandi sjúkdómur setur skyndilega strík í reikninginn og gerir allar framtíðaráætlanir að engu. Baráttan sem í hönd fer er óvæginn og erfið og miðar einungis að því að geta átt örlítið lengri tíma á meðal ættingja og vina.

Í veikindum sínum sýndi Svavar hversu þroskaður og vel gerður einstaklingur hann var. Hann kvartaði ekki eða harmaði sitt hlutskipti en hélt sinni yfirvegum, rósemi og aðdáunarverðu æðruleysi. Hann naut þess að umgangast vini sína og gleðjast með okkur vaktarfélögum á meðan hann hafði heilsu til. Hann mætti til vinnu sinnar á meðan kraftar leyfðu og kenndi okkur sem eftir stöndum á eftirminnilegan hátt að hlutirnir eru ekki eins sjálfgæfnir og sjálfsagðir og okkur hættir til að reikna með.

Við samstarfsfólk Svavars á B-vakt lögreglunnar í Reykjavík horfum á eftir góðum félagum og vini með söknuð í huga um leið og við þökkum honum samveruna og allar góðu minningararnar sem hann skilur eftir sig í okkar röðum.

Fjölskyldu hans sem studdi hann og stundaði í erfiðum veikindum, sendum við okkar dýpstu samúðarkveðjur. Guð blessi minningu Svavars Guðbjörns Svavarssonar.

Árni Þór Sigmundsson

Þegar andlát ber að höndum

Útfararstofan annast meginhluta allra útfara á höfuðborgarsvæðinu. Þar starfa nú 15 manns við útfararþjónustu og kistuframleiðslu.

Alúðleg þjónusta sem byggir á langri reynslu

Útfararstofa Kirkjugarðanna ehf.

Vesturhlíð 2 – Fossvogi – Sími 551 1266 – www.utfarastofa.com



Sekur - saklaus

Hinn 19. janúar 2006 var í Hæstarétti Íslands kveðinn upp dómur í málinu nr. 156/2005, sem varðar rannsókn lögreglu á sakamáli, þar sem sakarefnið er þjófnaður eða svokallað „búðahnupl“.

Málsatvik voru þau í stuttu máli, að sakborningurinn í málinu hafði að sögn öryggisvarðar verið staðinn að því í verzluninni A að stela þremur DVD-diskasöfnum að verðmæti samtals 14.497 krónur. Lögreglan var kölluð til og komu tveir lögreglumenn á vettvang. Þeir ræddu við öryggisvörðinn. Jafnframt kom fram í frumskýrslu lögreglunnar að lögreglumennirnir hefðu kynnt sakborningi ákvæði réttarfarslaga og hefði hann viðurkennt þjófnaðinn.

Ekki kom fram hvaða réttarfarsákvæði hefði verið kynnt. Frekari rannsókn fór ekki fram og engin formleg skýrsla var tekin af sakborningi.

Á grundvelli frumskýrslu var ákæra gefin út á hendur sakborningi.

Við þingfestingu málsins fyrir héraðsdómi neitaði sakborningur sök.

Við aðalmeðferð málsins neitaði sakborningur þessum þjófnaði og neitaði jafnframt að hafa viðurkennt þjófnaðinn á vettvangi fyrir lögreglu.

Öryggisvörðurinn og lögreglumennirnir gáfu skýrslu við aðalmeðferð og báru þeir allir að sakborningurinn hefði viðurkennt við þá þjófnaðinn.

Niðurstaða héraðsdóms varð sú, að sakborningurinn var sakfelldur fyrir þjófnaðinn og var sakfellingin reist á framburði þessara þriggja vitna, þ.e. öryggisvarðarins og lögreglumanna.

Hins vegar varð niðurstaða Hæstaréttar sú, að ákærði var sýknaður af þessum þjófnaði.

Rök Hæstaréttar fyrir sýknudóminum voru þau, að sakborningur hefði neitað sakargiftum fyrir dómi. Hefði framburður lögreglumanna um játningu hans í þeirra viðurvist á vettvangi ekki sönnunargildi í málinu. Ekki nyti því annarra sönnunargagna um ætlaðan þjófnað hans en framburður öryggisvarðar.

Gegn neitun sakbornings og með hliðsjón af 1. mgr. 48. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála væri ósannað, að hann hefði gerst sekur um þessa háttsemi. Rétt er í þessu sambandi að geta þess, að í 1. mgr. 48. gr. 1. nr. 19/1991 segir svo, að dómur skuli reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi.

Samkvæmt þessum dómi Hæstaréttar má því ætla að ekki sé nægjanlegt að byggja eingöngu

á frumskýrslu lögreglu við útgáfu ákæru vegna svokallaðs „búðahnupls“ eins og tíðkað hefur verið núna um langt skeið hjá a.m.k. sumum embættum. Játning sakbornings á vettvangi við lögreglumenn dugir því ekki lengur, ef engin önnur sönnunargögn eru tiltæk, s.s. myndbandsupptökur í eftirlitsmyndavélum.

Það virðist því ljóst af þessum dómi Hæstaréttar að þau lögregluembætti, sem hafa þann hátt, að ákæra á grundvelli frumskýrslu lögreglu, hljóta að þurfa að breyta verklagi í þessu efni. Það, sem hér sýnist koma til greina, er fyrst og fremst formleg skýrslutaka hjá lögreglu af sakborningi og vitnum fyrir útgáfu ákæru.

Vottur við yfirheyrslu hjá lögreglu skv. 2. mgr. 72. gr. 1. nr. 19/1991


Í 2. mgr. 72. gr. 1. nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála segir svo: „Við yfirheyrslu og aðrar rannsóknargerðir skal rannsóknari hafa einn greinargóðan og trúverðugan vott, sé þess kostur.“

Nú hefur það viðgengist um langt skeið, að yfirleitt er enginn vottur að yfirheyrslu hjá lögreglu. Hins vegar er kallaður til vottur til að vera viðstaddur undirritun skýrslu. Hvaðan sú heimild er fengin er ekki ljóst, en a.m.k. eru engin slík ákvæði í 1. nr. 19/1991.

Hlutverk votts við yfirheyrslu er sá, að votta að það, sem fram hefur farið sé rétt og í samræmi við réttarfarslög. Af þeim sökum verður að telja, að lögreglumaður, sem ásamt rannsóknara tekur þátt í yfirheyrslu, telst ekki vera vottur í skilningi

2. mgr. 72. gr. 1. nr. 19/1991.

Þegar svo lögmaður er viðstaddur yfirheyrslu á sakborningi ætti að vera óþarft að kalla sérstaklega til vott að undirritun skýrslu, þar sem lögmaðurinn (verjandinn) staðfestir með undirskrift sinni efni skýrslunnar svo og að skýrslutakan hafi verið í samræmi við réttarfarslög. Dómstólar hafa enda oft á tíðum vísað til þess, þegar sakborningur hefur horfið



Hilmar Ingimundarson, hrl. Ljós. Brooks Walker

frá játningu afbrots í lögregluskýrslu, að verjandi hans hafi verið viðstaddur skýrslutökuna hjá lögreglu, og þá hafnað breyttum framburði.

Niðurstaða mín er því sú, að ekki sé þörf á sérstökum votti við undirskrift og sízt, ef lögmaður hefur verið viðstaddur skýrslutöku.

Hilmar Ingimundarson, hrl.



Frá nýrri æfingaaðstöðu lögreglumanna í kjallara lögreglustöðvarinnar í Reykjavík

Betra er heilt en ve

„Hver og einn verður að bera ábyrgð á sinni heilsu, að áhættuþættir séu greindir og við-eigandi ráðstaf-anir gerðar.“

Eitt helsta heilbrigðisvandamál hins vestræna heims eru svokallaðir lífsstílsjúkdómar. Offita getur t.d. orsakað ýmsa alvarlega sjúkdóma. Borgarlífið og nútímaatvinnuhættir geta orsakað félagsleg og heilsufarsleg vandamál. Eitt algengasta vandamálið er streita. Langvarandi streita getur svo orsakað ýmis vandamál og sjúkdóma. Í því sambandi mætti nefna þráláta verki í höfði, liðum og vöðvum, svefnleysi og magaverk, kvíða og síþreytu.

Ýmsir umhverfisþættir hafa áhrif á heilsufar okkar. Nefna mætti loftmengun, hávaða og ýmis kemísk efni sem oft eru í matvælum og iðnaðarvörum. Þessi mengun getur orsakað ofnæmi og sjúkdóma í öndunarferum. Tóbaksreykingar valda mengun og sann- að er að óbeinar reykingar geta orsakað krabbamein, þá hafa reykingar foreldra t.d. afar slæm áhrif á heilsufar barna. Margir áhættuþættir sjúkdóma eru þess eðlis að einstaklingurinn sjálfur fær ekki ráðið um þá. Dæmi um þá eru erfðir, aldur og kyn. Þættir sem við getum aftur á móti haft áhrif á og því enn mikilvægara að huga að eru m.a. reykingar, hækk- aður blóðþrýstingur, streita og magn kólesteróls í blóði.

Að breyta um lífsstíl

Flest höfum við einhvern tímann strengt þess heit að að lifa nú betra og hollara lífi í framtíðinni. Við lifum á tímum þekkingar og rannsókna. Rannsóknir hafa í gegnum tíðina skilað sér í aukinni þekkingu á sjúk- dómum sem aftur skilar sér í árangursríkari læk- ningum og síðast en ekki síst markvissari forvörnum. Áhættuþættir margra sjúkdóma eru nú þekktir. Samt lifum við mörg óhollu lífi. Margir taka því miður ekki af skarið fyrir en þeir eru lentir í heilsufarsleg- um ógöngum, eða gefa sér aldrei tækifæri til þess ofan moldar. Ekki er nóg að þekkja, við verðum að tileinka okkur betri lífsstíl. Hvert mannsbarn veit að reykingar eru hættulegar heilsunni, en samt er enn stór hluti þjóðarinnar sem reykir. Allir vita að fituminni fæða, fiskneysla, ávextir og grófmeti er hollara en feitt kjöt og sælgæti. Þrátt fyrir það neyta Íslendingar langmest af sykri og gosi af íbúum Norð- urlandanna.

Áhugahvöt

Þetta er spurningin um það sem kallað er „áhuga- hvöt“ eða „motivation“ á ensku. Við ætlum flest



grænmeti og ávexti, stilla fituneyslu í hóf. Neysla vítamína og fæðubótarefna getur verið sá hvati og áminning sem við þurfum til að breyta algerlega um lífsstíl og minna okkur á sett markmið.

Þekkingin er til – notaðu hana á sjálfan þig
Það er engin ein leið sem hægt er að feta til heilbrigðs lífs, en margar krókaleiðir finnast til óhollustu. Nútímamaðurinn hefur ekki getað vikið sér undan því að vera upplýstur um gildi hollra lífnáðarháttá. Á þetta ekki síst við um notkun áfengis og tóbaks, en einnig þátt fæðunnar í hollustu. Frá blautu barnsbeini lærum við að kyrrseta, í bílnum eða við sjónvarpið, dregur úr úthaldi. Þekking getur leitt okkur til þess að vilja breyta um lífnáðarhætti, en veikur vilji getur ekki staðið gegn freistingum hins þægilega lífs.

Almennar ráðleggingar um heilbriggt líf

Reykið ekki, gætið að mataræði, takið inn vítamín og járn ef þurfa þykir. Forðist aukakílóin eins og heitan eldinn. Stundið reglulega líkamspjálfun og hreyfingu. Eftir 40 ára aldur er ráðlegt að fylgjast með blóðþrýstingi, blóðfitu og blóðsykri og fyrr ef tilefni er til. Frísku fólki finnst ef til vill óþarfi að láta fylgjast reglulega með sér. Það er ekki svo – margir sjúkdómsvaldar eru þöglir. Settu þér markmið, „ég ætla að...“. Vertu raunhæfur, hafðu markmiðin þannig að þú gefist ekki upp. Algjör umbylting á lífsstíl er líklegri til að falla um sjálfa sig en að taka eitt skref í einu og stefna á árangur til langframa. Ekki eru til nein örugg próf sem segja til um hverjir munu veikjast og hverjir ekki. Eyddu óvissunni og breyttu um lífsstíl, ekki á morgun heldur núna!



Guðmundur Björnsson er lækni menntaður, sérfræðingur í endurhæfingarlækningum.

Í kandidátsnámi var hann einn af frumkvöðlum að stofnun þyrluvaktar lækna sem nú hefur starfað í 20 ár. Hann var yfirlæknir heilsuhælis NLFÍ í Hveragerði frá 1992-2000. Hann hefur starfaði innan fagfélags lækna og var í stjórn og formaður Læknafélags Íslands 1993-1999. Guðmundur hefur frá árinu 2000 rekið eigið fyrirtæki sem séð hefur um heilsuþjónustu í fyrirtækjum og starsmannamiðlun. Fyrirtæki hans Liðsauki ehf er nú með 35 manns í vinnu og er Guðmundur yfirlæknir þeirrar starfsemi. Hann er trúnaðarlæknir RLS.

Guðmundur Björnsson

Trúnaðarlæknir Ríkislögreglustjóra Liðsinni ehf.

el gróíð!

okkar að lifa heilbrigðu lífi en megum ekki vera að því fyrr en síðar. Margir breyta um lífsstíl eftir að þeir hafa veikst. Á þeim tímapunkti er ekkert val. Til að lifa af verður að breyta um lífsstíl. Hvatinn til betra lífs verður að koma frá okkur sjálfum, við verðum að sjá aukin lífsgæði í breytingum. Viljum við ekki ákveða sjálf hvenær við ætlum að breyta um lífsstíl frekar en að örlögin grípi inn í?

Frá vísindum til góðra siða

Hver og einn verður að bera ábyrgð á sinni heilsu, að áhættuþættir séu greindir og viðeigandi ráðstafanir gerðar. Með aðstoð vísindanna og með einföldum lífsstílsbreytingum er unnt að draga úr vægi flestra áhættuþátta en í sumum tilfellum þarf líka að beita lyfjameðferð, t.d. við hækkuðum blóðþrýstingi og kólesteróli. Markmið hvers og eins ætti að vera að hreyfa sig reglulega. Það er t.d. vísindalega sannað að reglubundin líkamshreyfing minnkar líkur á kransæðasjúkdómum, insúlínháðri sykursýki, háþrýstingi, beinþynningu, krabbameini, ristli, slitgigt, offitu, mjóbaksverk, kvíða og þunglyndi. Við eigum að velja holla og fjölbreytta fæðu með áherslu á

Gísli Kr. Skúlason tekur á því



Estirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnadar í starfi

Reykjavík

365 Prentmiðlar ehf.
Skafthlíð 24
Aðföng
Skútuvogi 7
Arctic trucks ehf
Klettsháls 3
Arkinn ehf,
ráðgjöf og hönnun
Langholtsvegi 111
Austursel ehf.
Höfðabakka 9
Áfengis- og
tóbaksverslun ríkisins
Stuðlaháls 2
Bifreiðabyggingar sf.
Tangarhöfða 5
Bifreiðastjóræfælagið Frami
Fellsmúla 24-26
Bílaeigan AKA ehf.
Vagnhöfða 25
Bílfang ehf
Malarhöfða 2
Björgun ehf.
Sævarhöfða 33
Cyrus ehf.
Grandavegi 45
Dóms- og
kirkjumálaráðuneytið
Arnarnvoll
E.T. Einar og Tryggvi ehf.
Klettagörðum 11
Efnalaugin Úðafoss sf.
Vítastíg 13
Fasteignafélagið Stoðir hf.
Kringlunni 8-12
Félagsbústaðir hf.
Hallveigastíg 1
Fjölgreiðslumiðlun hf.
Mörkinni 1
Framsóknarflokkurinn
Hverfisgötu 33
Frjálslýndi flokkurinn
Grenimel 29
Gallerí Fold
Rauðarárstíg 14
Glóbus hf.
Skútuvogi 1f
Grant Thornton
endurskoðun
Suðurlandsbraut 20
Hilmar Ingimundarsson hrl
Austurstræti 10a box 19
Hjólbarðaverkstæði
Grafarvogs
Gylfafiöt 3
Hrafnista D.A.S.
Laugarási
Innheimtustofnun
sveitarfélaga
Lágmúla 9, 2.hæð
Internet á Íslandi hf. - ISNIC
Dunhaga 5
Knattspyrnusamband Íslands
Laugardal
Körfuberg ehf.
Holtaseli 20
Listasafnið Hótel Holt ehf.
Bergstaðastræti 37
Lögreglustjórnin
í Reykjavík
Hverfisgötu 113
Markaðsnefnd
Mjólkuríðnaðarins
Bitruháls 2
MEST ehf
Malarhöfða 10
Múr- og
málningarþjónustan
Hófn ehf.
Réttarháls 2
Nesráðió ehf.
Siðumúla 19
Olís v/Sjóbúðarinnar
Sundagörðum 2
Rannsóknastofa í lyfja-
og eiturefnafræði
Hofsvallagötu 53
Rauða torgið
Brautarholti 2
Ríkislögreglustjórnin
Skúlagötu 21
Samtök afurðastöðva
í mjólkuriðnaði

Bitruháls 2
Securitas hf.
Siðumúla 23
Smiðþjónustan ehf.
Hyrjarhöfða 6
Tollstjórnin í Reykjavík
Tryggvagötu 19 box 5029
Urð og Grjót
Vesturási 58
Utánríkisráðuneytið
Rauðarárstíg 25
Vaka hf.
Eldshöfða 6
Veidarfærásalan Dimon ehf.
Tunguháls 8
Vélar og verkfæri ehf.
Skútuvogi 1c
Vélaver hf.
Krókháls 16

Seltjarnarnes

Auðunn og Hafsteinn ehf.
Sævangörðum 4
Bæjarins bezta ehf
Bollagörðum 11

Vogar

Nesbúegg ehf
Vatnsleysuströnd
NG-Nordic gourmet
á Íslandi
Hafnargötu 2 Box 267

Kópavogur

AFA JCDecaux Ísland
Vesturvör 30b
Allar lagnir ehf
Dalvegi 26
ALP/GAK
bílaverkstæði ehf.
Skemmuvegi 20 blá gata
Arnardalur sf.
Pínghólsbraut 58
Arnarverk ehf.
Kórsölum 5
Aferð ehf.
Blásölum 10
AF-hús ehf.
Hæðarsmára 6
Álforn hf.
Pínghólsbraut 44
Átak ehf. - bílaeiga
Smiðjuvegi 1
Baader Ísland ehf.
Hafnarbraut 25
Barkasuða Guðmundar ehf.
Vesturvör 27
Bifreiðastillingin ehf.
Smiðjuvegi 40d rauð gata
Bifreiðaverkstæði
Björns Pálmasonar
Smiðjuvegi 40 rauð gata
Bifreiðaverkstæði
Fríðriks Ólafssonar ehf.
Smiðjuvegi 22 - græn gata
Bifreiðaverkstæðið
Lada-þjónustan
Auðbrekku 4
Bifreiðaverkstæðið Toppur
Skemmuvegi 34 Bleik gata
Big Papas Pizza
Engihjalla 8
Bílar og tjön
Skemmuvegi 44m
Bílaverkstæði Bubba sf.
Skemmuvegi 18blá
Bílaverkstæði Kjartans
og Þorgeirs sf.
Smiðjuvegi 48 rauð
Bílaverkstæðið Skúffan ehf
Smiðjuvegi 11e, græn
Bílbro ehf.
Skemmuvegi 26
Bíljöfur ehf.
Smiðjuvegi 34
Bílvogur ehf.
Auðbrekku 17
Blikkás - Funi ehf.
Skemmuvegi 36 blei
Borgarvirki ehf.
Hjallabrekku 22
DATEK-ÍSLAND ehf.

Smiðjuvegi 50
DK Hugbúnaður
Hlíðasmára 17
Egill Vilhjálmsson ehf.
Bröttutungu 9
Elnet tækni ehf.
Auðbrekku 16
Fasteignamiðstöðin-Hús
og hýbýli ehf.
Hlíðasmára 17
Ferli ehf.
Hlíðasmára 8
G.T. Óskarsson ehf.
Vesturvör 23
Goldfinger
Smiðjuvegi 14
Hagblíkk ehf.
Smiðjuvegi 4c box 281
Hexa ehf. heildverslun
Smiðjuvegi 10 græn gata
Íslandsspil sf.
Smiðjuvegi 11a
Íslenska
pökkunarfélagið ehf
Bakkabraut 2
Íssel ehf.
Smáratorgi
J. Eiríksson ehf.
Hlíðarsmára 9
Jarðkraftur ehf.
Akralind 2
Jarðvélar ehf
Bakkabraut 14
Jón og Salvar ehf.
Dalvegi 26
Júmbó ehf.
Kársnesbraut 112
KB rafverktakar
Dalvegi 26
KB ráðgjöf
Hlíðasmára 17
Klæðning ehf.
Bæjarlind 4
Krókur
Skeljabrekku 4
Kynnisferðir
Vesturvör 6
Köfunarþjónusta
Árna Kópssonar
Bryggjuvör 1
Lakkskemman ehf.
Skemmuvegi 30, blá gata
Nýblóm ehf.
Nýbýlavegi 14
Partasalan
Skemmuvegi 32 bleik gata
Pétur Stefánsson ehf
Dalvegi 26
Radio-Raf
Smiðjuvegi 52
Rafport ehf.
Nýbýlavegi 14
Rafvirkni ehf.
Fjallalind 137
Reykofninn hf.
Skemmuvegi 14 blei
Reynir bakari ehf.
Dalvegi 4
Réttingaverkstæði Jóa ehf.
Dalvegi 16a
Réttr bílar ehf
Kársnesbraut 98
Ryðvörn og bön ehf.
Smiðjuvegi 68
Ræstingþjónustan sf.
Smiðjuvegi 62
Sala-grill
Rjúpnasölum 1
Shooters, sportbar
Engihjalla 8
Slitlag ehf.
Blikahjalla 13
Smári söluturn
Dalvegi 16c
SPAR Verslun
Bæjarlind 1-3
Stíflþjónustan ehf.
Kársnesbraut 57
Sýslumaðurinn í Kópavogi
Dalvegi 18
Uppdæling ehf.
Bakkabraut 2
Verkfæðistofa
Snorra Ingimarssonar ehf.

Hamraborg 11
Verktakar Magni ehf.
Hæðarsmára 6
Vélaeiga Auberts
Hlíðarhjálli 7
Vélsmiðjan Hamar
Hafnarbraut 13
Vidd ehf.
Bæjarlind 4
Þjarkur, vinnuföt
Smiðjuvegi 60
Þvegillinn
Fífuhjalla 3
Þryllþjónustan ehf.
Hlíðarvegi 3

Garðabær

Ásgeir Einarsson ehf.
Garðafliót 37
Bryggjubúllan
Lyngási 17
Dráttarbílar
Skeiðarási 4
Eðalvagnþjónustan ehf.
Hegranesi 23
Elektra ehf.
Lyngási 11
Garðablóm
Garðatorgi 3
Garðabær
Garðatorgi 7
Hafmasandur hf.
Birkías 36
Ísafoldarprentsmiðja ehf.
Suðurhrauni 3
Miklir menn ehf. - High and mighty
Hrsholti 13
Ris ehf
Skeiðarási 12
Stálnaust ehf.
Skeiðarási 3
Würth á Íslandi hf.
Vesturhrauni 5

Hafnarfjörður

Alexander Ólafsson ehf.
Hvaleyrarbraut 37
Ás - fasteignasala ehf.
Fjarðargötu 17
Bílaspítalinn ehf.
Kaplarauni 1
Bókhaldsstofa Vals
Dalshrauni 14
Bónusvideo ehf
Lækjargötu 2
Brébygg, Sigrús Rúnar Eiríksson
húsa-smíður www.trebyggir.is
Bæjarholti 1
Byggingafélagið Sandfell ehf
Helluhrauni 14
Bæjarbakari ehf.
Bæjarhrauni 2
Fasteignasalan Hraunhamar ehf.
Bæjarhrauni 10
Feðgar ehf. - Byggingaverktakar
Fjólhlíð 13
Fínþúsning ehf.
Íshellar 2
Fjarðargrjót ehf
Furuhlíð 4
Flói ehf.
Fjólúhvamm 6
Fura ehf.
Hringhelli 3 box 491
G.H. Guðmundssynir ehf.
Sléttahrauni 19
Hafdal hf.
Hvaleyrarbraut 2
Holtanesti
Melabraut 11
Hvalur hf.
Reykjav.veg 48 Box 233
Íslandsprent ehf
Steinhelli 10
Ís-rör ehf.
Lækjarhvamm 9
KM Byggingar
Miðvangi 41
Kvikmyndahúsið ehf.
Trönuhrauni 1
Lögmennt Hafnarfirði ehf.
Reykjavíkurvegi 60

Áfalla- og álagshjálp

Að undanförunu hefur dunið yfir fjöldi óhappa af ýmsum toga. Orðið áfallahjálp kemur oft upp í fréttum. Mönnum kann að þykja að verið sé að bera í bakkafullan lækinn með því að skrifa um þetta þema eina ferðina enn. Það er mat undirritaðs að þessari umræðu ljúki aldrei heldur komi hún í bylgjum alveg eins og slysin gera. Til þess að gera þessu efni nokkur skil leitaði ég til Kjartans Arnar Sigurbjörnssonar, sjúkrahúsprests á Landakoti í Reykjavík. Hann hefur sinnt áfallahjálpi fyrir lögregluna í Reykjavík í þó nokkuð mörg ár. Við mælum okkur mót á vinnustað hans að morgni dags.

Kjartan segist að það hafi verið árið 1995 sem yfirstjórn lögreglunnar hafi leitað til sín með það erindi hvort hann gæti aðstoðað þegar lögreglumenn lentu í erfiðleikum vegna starfa sinna. Kjartan segir að umræðan hafi skapast í kjölfar snjóflóðanna sem urðu á Súðavík á sínum tíma. Hann segir að Guðmundur M. Guðmundsson, fyrrverandi starfsmannastóri í Reykjavík, hafi mætt á skrifstofuna hjá sér og spurt hvort hann væri til í að vera til „taks“ fyrir lögreglumenn þegar á þyrfti að halda. Kjartan segir að á þeim tíma sem Guðmundur hafi leitað til sín hafi hann verið tiltölulega nýkominn á „fasta landið“ eftir 16 ára dvöl í Vestmannaeyjum sem prestur þar. Kjartan segist hafa tekið sér nokkurn umhugsunarfrest og síðan hafi hann ákveðið að láta reyna á það hvort hann gæti ekki sinnt áfallahjálpi fyrir lögregluna. Hann segist hafa byrjað á því að kynna sér starfið með því að fara á „stöðina“ og spjalla við lögreglumenn sem þar voru að störfum. Jafnframt hafi hann mætt á næturvaktir og farið með lögreglumönnum út á bílum til þess að fylgjast með þeim við vinnu sína. Hann segist hafa talið það mikilvægt að sjá með eigin augum og heyra hvað lögreglumenn væru að fást við. Í framhaldi af þessu hafi hann byrjað að kynna sér hvað gert hefði verið í þessum málaflökki annars staðar í heiminum. Hann segist hafa vitað um lögreglupresta bæði í löndum austan og vestan hafs. Kjartan segist hafa vitað að sér efni og lesið sér til. Einnig hafi hann aflað sér gagna frá lögreglunni í Englandi en þar voru til starfsreglur fyrir menn sem veittu áfallahjálpi. Kjartan segist hafa þýtt það efni sem hann hafi vitað að sér og sent til yfirstjórnarinnar í Reykjavík. Þar sem hann hafi ekki fengið neitt svar frá yfirstjórninni hafi hann litíð svo á að þeim hafi litist vel á starfslýsinguna sem hann sendi þeim. Kjartan er spurður hvort hafi verið megininntakið í starfslýsingunni. Svareði hann því að aðalinnihaldið hafi verið


um trúnað, þ.e. mikilvægi þess að halda trúnað og vera til staðar í trúarlegum og siðfræðilegum málefnum án tillits til þess í hvaða stöðu þeir væru sem leituðu til hans innan lögreglunnar. Kjartan segir að aðalatriðið í starfi hans sé að hlusta og gæta fyllsta trúnaðar. Hann segir að sér þyki orðin áfallahjálpi og álagshjálpi eiga vel saman. Hann segir enn fremur að lögreglumenn séu undir gríðarlegu álagi. Til dæmis viti þeir aldrei hvað biður þeirra á vaktinni sem þeir mæta á. Hann segir að lögreglumenn geti annaðhvort verið hetjur eða djöflar í hugum almennings. Það sé ekki nóg með það að umtalið bitni á lögreglumönnum í starfinu heldur bitni það einnig á þeirra nánustu og fjölskyldum þeirra. Hann segir að lögreglumenn verði að passa sig á því að gæta sjálfra sín. Hann bætir því við að menn megi passa sig á því að kulna ekki í starfinu. Kjartan er spurður hvað hann meini með kulnun. Kulnun er að menn gæta ekki að sér. Lögreglumenn passa sig ekki, þeir huga ekki að sjálfum sér, þ.e. að styrkja það sem er gott í lífinu eins og fjölskylduna til dæmis. Kjartan segir að það sé sín reynsla að menn verði að gæta þess að gera eitthvað uppbyggilegt í frítímanum. Hann segir að kulnun geti líka verið áhugaleysi, þ.e. menn missa áhugann á því sem þeir eru að gera í vinnunni. Hann segir að sér virðist sem að á einhverjum tímupunkti þyki mönnum allt vera ómögulegt. Kjartan segir lögreglumenn verða að gæta þess að einangrast ekki í vinnunni, þeim beri að varast að láta starfið helta sig. Hann segir að sér detti til dæmis í hug að efla þurfi félagsstarf, draga úr vinnuálagi og tala um það sem menn hafa upplifað í eigin röðum. Kjartan segir að það sé mikilvægt að muna að lögreglumenn eru líka manneskjur, þeir eru viðkvæmir og finna til eins og aðrir íbúar þessa lands. Ertu oft spurður hvort þú hafir mikið að gera í þessu starfi þínu fyrir lögregluna? Hann svarar játandi og bætir við að hann sé búinn að koma sér upp stöðluðu svari sem hljóði svona: meira en hann bjóst við en minna en hann þyrfti. Áttu einhver góð ráð til lögreglumanna? Margir noti t.d. æðruleysisbænina og bætir því við að bænin segi svo margt og megi þar nefna þá gullvægu reglu að menn skyldu ekki vera að berjast við hluti sem þeir ráða ekki við. Er hugtakið áfallahjálpi ofnotað að þínu mati? Hann segir að að sínu mati sé mjög gagnlegt að



Særa Kjartan Örn Sigurbjörnsson

kynna það starf sem hann vinnur eins og gert er í þessu viðtali. Því er nú einu sinni þannig farið að sífellt eru nýir menn að hefja störf í lögreglunni sem þurfa á kynningu að halda. Kjartan segist minnast orða Rúdólfs Axelssonar, fyrrverandi aðalvarðstjóra, sem hafi einu sinni sagt við sig eitthvað á þessa leið: „Það er svo gott að vita af þér, Kjartan, þó að maður þurfi ekki neitt á þér að halda. Það er með þig eins og slökkvilið, það er gott að vita af því þó svo að maður þurfi ekki neitt á því að halda.“ Lífið heldur áfram þrátt fyrir áföll á lífsleiðinni. Það er mikilvægt fyrir lögreglumenn að geta leitað til manna eins og Kjartans Sigurbjörnssonar þegar þeir verða fyrir áföllum hvort það er í starfi eða einkalífínu.

TFS.





Ég kynntist mannlífinu með nýjum hætti

„Stuttu eftir að við komum í hlaðið kom hreppstjórinn að máli við okkur. Var hann all æstur og gerði þá kröfu að við stoppuðum dansleikinn og rækjum alla úr húsinu“

Ég gekk í lögregluna sumarið 1953. Tildrögin gengu hratt fyrir sig. Ég hafði kennt við barnaskólann í Garði veturinn áður, en leiddist starfið. Ég fékk þá þá hugmynd að prófa nýtt. Datt í hug að kanna hvort ég kæmist að í lögreglunni. 18 júní það vor var ég staddur í Reykjavík. Fór um morguninn niður á lögreglustöð og hitti Erling Pálsson yfir lögregluþjón að máli. Sagði honum erindi mitt. Hann tók vel í það. Kvaðst ætla að íhuga málið og láta mig síðan vita. Um miðjan júlí var hringt heim til mín og tilkynnt, að ég hefði verið ráðinn til starfa og ætti að byrja strax. Ég gengdi þessu kalli strax og þegar ég hitti Erling sagði hann mér að umsókn min hefði verið samþykkt og ekki eftir neinu að bíða.

Næstu dagar fóru svo í kennslu í undirstöðuatriðum lögreglustarfsins, s.s. varðandi handtöku, beitingu handjárna, notkun kylfu og fl. í þeim dúr. Jafnframt þessu var tekið til við að sauma á mig júniformið og þegar það var tilbúið var kennslustundunum lokið og ég kominn til starfa á vöktum. Mun það hafa

verið um 20. júlí. Við vorum fjórir nýliðar, Bjarni Bjarnason, Þorsteinn heitinn Alfreðsson, Erlendur Sveinsson og ég. Ég fékk númerið 118.

Fyrsta stóra þolraunin sem ég hlaut var um verslunarmannahelgina. Vorum við Þorsteinn J. Jónsson settir á bíl og fengum það hlutverk að fara austur fyrir fjall og vinna þar að almennum lögreglustörfum, einkum fylgjast með umferðinni. Við tókum þetta hlutverk mjög alvarlega. Tókum okkur stöðu við vegamótin að Selfossi síðdegis þessa daga og stöðvuðum flesta bíla sem þar áttu leið um og athuguðum ástand ökumanna og rúkkuduðum þá m.a. um ökuskríteini. Var allmikill misbrestur því að það væri meðferðis og skrifuðum við allmargar skýrslur um þá vanrækslu ökumanna.

Á sunnudagskvöldið var ball að Minni Borg. Við fórum þangað og var aðkoman ekki sérstaklega glæsileg. Dansgestir voru almennt undir áhrifum áfengis og höfðu þeir m.a. brotið rúður í danssalnum og fóru síðan út og inn um gluggana. Auk þess voru pústrar og hnippingar með mönnum. Stuttu eftir að við komum í hlaðið kom hreppstjórinn að máli við okkur. Var hann all æstur og gerði þá kröfu að við

stoppuðum dansleikinn og rækjum alla úr húsinu. Þorsteinn hafði orð fyrir okkur. Kvað hann það ófært með öllu og féll þá talið niður og hreppstjórinn ekki kátur yfir þeim málalokum. En í staðinn tókum við að okkur allskonar reddingar. Stöðvuðum blæðingar hjá þeim sem höfðu skorid sig og reyndum eftir getu að róa mannskapinn. Það tókst vel og lauk samkomunni í ró og spekt.

Um haustið tók við nokkurra mánaða námskeið. Við fjórir sem fyrr eru nefndir settur þar á skólabekk auk allmargra annarra sem komu þá til starfa. Þetta var skemmtilegur hópur og margt brallað. Kennarar voru flestir starfsmenn lögreglunnar. Erlingur var stjórnandinn og auk þess fór hann með okkur yfir lögreglusamþykkt Reykjavíkur, grein fyrir grein. Þessir tímar hjá honum voru eftirminnilegir, ekki vegna námsefnisins, heldur hvernig hann tók á því. Í flestum kennslustundum eyddi hann oft löngum tímum í að segja okkur sögur sem oft á tíðum voru nokkru tengdar því efni sem um var rætt hverju sinni. En stundum fór hann á flug og var þá söguefnið víðs fjarri efni kennslustundarinnar. Mér eru tvær sögur minnisstæðar sem hann sagði okkur. Fyrri sagan var um það þegar hann reri á vertíð til fiskjar, að mig minnir á Vatnsleysuströnd. Nóttina fyrir róður dreymdi hann draum sem hann réði svo að lífsháski biði þeirra næsta dag. Snemma morguns var áhöfnin vakin og gengu menn síðan að bátnum og ýttu honum á flot. Veður var kyrrt og útlitið gott. En Erlingur var minnugur draumsins svo hann náði í stóran stein úr fjörunni, gat komið honum inn fyrir borðstokkinn og kom honum fyrir í botni bátsins. Formaðurinn skildi ekkert í þessu háttlagi hásetans en lét þetta kyrrt liggja. Var síðan haldið á miðin og gekk allt að óskum, nægur fiskur og allt lét í lyndi. En skjótt skipast veður í lofti. Allt í einu, öllum að óvörum, skall á aftaka veður af landi. Þetta kom öllum að óvörum og þegar fyrsta vindkviðan skall á bátnum lagðist hann á hliðina. Erlingur brást skjótt við, náði taki á steininum og gat haldið honum kyrrum í botni bátsins. Þetta varð til þess að unnt var að rétta bátinn við, annars hefði hann fyllt og sokkið. Nú var aðal þrautin eftir, að komast að landi. Segl var sett upp og byrjað að 'krusa' til lands. Þetta gekk erfiðlega en samt þokaði þeim áfram og þegar skammt var til kvölds voru þeir komnir nærri landi og eygðu von. En þá blasti við þeim furðuleg sjón. Svo mikið hafði vedrið verið að hópur suðfjár sem hafði verið á beit í fjörunni hrakti út í sjó og á sund. Þessum kindum mættu þeir nú. Það vakti mikla furðu, en var ekkert miðað við þá sjón sem við blasti því kindurnar höfðu skipt sér í hópa á sundinu. Þær svörtu voru sér, gráu sér og þær mórauðu sér. Á leiðinni í land var fátt rætt um borð en þegar bátnum hafði verið komið á þurrt gekk formaðurinn til Erlings, tók í hendina á honum og þakkaði honum fyrir lífsgjöfina, því ef steinninn hefði ekki verið um borð, þá hefði bátnum hvolfst og öll áhöfnin druknað.

Ég man eftir annari sögu. Það var að sumarlagi. Einhver forvitnilegur atburður var að gerast við höfnina. Flatbotna prammi lá þar við bryggju og hópaðist fólk um borð til að sjá betur. Erlingur var þar við löggæslu ásamt öðrum manni. Hann sá að pramminn var farinn að síga undir mannfjöldanum

og kominn að því að sökkva. Hann skipaði fólkinu að fara í land en enginn hlýddi. Þeir félagar urðu þá að beita valdi. Tóku upp kylfur og gátu stjakað við fólkinu og komið því upp á bryggju. Menn urðu all reiðir og einhverjir pústrar urðu þarna en lögreglumennirnir höfðu sitt fram.

Morguninn eftir var Erlingur kominn á skrifstofuna á til settum tíma. Þar sá hann Morgunblaðið. Þar var fréttagrein frá því deginum áður sem greindi frá því að á Jangstekiang fljótinu í Kína hafði flatbotna prammi sokkið eftir að mannfjöldi hafði troðist um borð og ekki tekist að forða sér í land. Þarna drukkuðu tugir manna.

Þegar Erlingur hafði rétt lokið við lestur greinarinna opnuðust dyrnar á skrifstofunni og inn ruddist heljarmenni mikið, sýnilega bálreiður. Kvaðst hann vera kominn til að jafna um Erling því hann hafði barið konu sína daginn áður í átökunum við prammann. Þegar maðurinn hafði rutt þessu út úr sér og og ætlaði að framkvæma ætlun sína, rétti Erlingur honum Morgunblaðið og bað hann að lesa umrædda grein. Maðurinn leit snögglega á textann, lagði hann síðan frá sér, rétti fram hendina og baðst afsökunar á framferði sínu. Nú sæi hann hvað hefði getað gerst og í stað þess að skammast þakkaði hann Erlingi fyrir að hafa barið konu sína. Hún hefði sannarlega átt það skilið.

Eins og fyrr er sagt, las Erlingur lögreglusamþykktina með okkur. Þegar leið að lokaprófi tók Erlingur til þess ráðs sem ég hef hvorki fyrr né síðar reynt, þótt ég hafi lokið slatta af prófum. Síðustu tímana las hann upp spurningar og svör við þeim. Þetta skrifuðum við samviskulega niður eftir þessum upplestri. Hann sagði okkur að prófið yrði úr þessu efni. Það reyndist rétt. Á prófblaðinu voru spurningar, hluti þeirra sem við höfðum skrifað niður. Nokkrum dögum síðar kom Erlingur í tímann glaður í sinni og þakkaði okkur fyrir góða þekkingu á þessu fagi. Eftir að búiið var að fara yfir allar úrlausnir á prófum hefði komið í ljós að þekking okkar í hans fagi hefði verið það besta á öllu prófinu.

Góðir félagar. Ég var í þrettán ár í lögreglunni í Reykjavík. Eitt og hálf ár í götulögreglunni, en þann 1. janúar 1955 fór ég til rannsóknarlögreglunnar og sinni þar einkum málum sem snertu börn og ungmenni. Þessi ár voru og eru mér mikils virði. Ég kynntist mannlífinu með nýjum hætti. Þegar við eigum samskipti við náungann, sjáum við ekki nema yfirborðið. Þetta minnir á ísjakann. 1/10 hluti hans er sýnilegur ofan vatns. Hinn hlutinn sést ekki nema kafað sé undir yfirborðið. Þar kemur margt á óvart. Starf lögreglumannsins er ekki síst fólgið í því að fást við það í fari manna sem ekki er sjáanlegt við fyrstu sýn. Það sem þar blasir við manni kennir manni hversu flókið þetta mannlíf er. Að kynnast því hlýtur að gera menn skyggnari á samferðamennina og ætti að bæta okkur, sem við þessi störf fást. Þetta er strangur skóli og hann ætti að gera okkur víðsýnni og umburðarlyndari. Ég tel að svo hafi verið með mig.

Nú læt ég þessu lokið. Bestu þakkir fyrir samferðina á lífsbrautinni og alla þá vinsemd sem þið hafið sýnt mér og sýnið mér enn.

Til skrifstofu Landsambandsins bárust þessi minningabrot, sem Tómas Einarsson f.v. lögreglumaður hafði sett á blað á síðustu dögum ævi sinnar, en hann lést 12. febrúar sl. Tómas starfaði sem lögreglumaður í Reykjavík í 13 ár, á árunum 1953 til 1966. Hann hélt mikla tryggð við fyrrum samstarfsfélagana sína og hafði til fjölda ára boðið fram fararstjórn sína í sumarferðum lífeyrisþegadeildarinnar endurgjaldslaust. Er honum þökkud öll vinsemd og sá fróðleikur er hann miðlaði til okkar á sinn þrúða og glettna hátt. Tómas var sæmdur bronssmerki Landssambands lögreglumanna árið 2001 fyrir störf í þágu lífeyrisþegadeildarinnar.



Alltaf mikið um að vera



Aðalfundur lífeyrisþegadeildarinnar var haldinn sunnudaginn 5. febrúar s.l. og var fundurinn vel sóttur, nær 40 manns mættu.

Dagskrá fundarins var fyrst og fremst sú að kjósa stjórn og í nefndir og voru engin átök þar á ferðinni því fyrir tilnefningum var klappað og engin mótframbod.

Formaður, Magnús Einarsson var endurkjörinn og með honum í stjórn eru Þorgrímur Guðmundsson, varaformaður og Hjörtur Sæmundsson, ritari. Í varastjórn: Jóhann Löve, Ingimundur Helgason og Ragnar Vignir.

Í ferðanefnd voru kjörin: Tómas Einarsson, formaður, Bjarni Matthíasson, Sigurður Þórhallsson og Þórunn Lárusdóttir

Í kaffinefnd voru kjörin: Steinþór Nygaard, Jónas Bjarnason og Stefán St. Tryggvason.

Í skemmti og göngunefnd voru kjörin: Jóhann Löve, Þórir Þorsteinsson og Ingimundur Helgason.

Kristinn Óskarsson sem hefur verið ritari deildarinnar til fjölda ára og Gunnar Jónsson sem hefur verið formaður ferðanefndar um nokkur ár, báðust undan endurkjöri og voru þeim þökkúð vel unnin störf. Magnús fór yfir það sem helst hafði gerst á árinu kynnti hann fyrir fundinum drög að breyttum reglum fyrir deildina. Verða reglurnar birtar í næsta blaði Lögreglumannsins.

Sveinn Ingiberg Magnússon, formaður LL, sat fundinn og upplýsti fundarmenn um það helsta sem er að gerast í umhverfi lögreglunnar og var gerður góður rómur að hans framlagi til fundarins. Kaffiveitingar voru í boði LL.

Félagar í Lífeyrisþegadeild LL njóta forgangs á leigu orlofshúsa fyrstu fjórar vikur orlofstímans endurgjaldslaust. Tímabilið í ár er 12. maí – 9. júní. Félögum í Lífeyrisþegadeild LL stendur til boða þátttaka í sumarferðalagi sem er skipulagt af ferðanefndinni í samráði við skrifstofu LL á vægu gjaldi.

Frá því 21. maí 2003 hafa nokkrir af lögreglumönnum sem komnir eru á eftirlaun staðið fyrir því að hittast þriðja miðvikudag í mánuði rétt fyrir kl. 14:00 við veitingahúsið Nauthól við Nauthólsvík. Tilgangurinn er fyrst og fremst sá að hittast og eiga góða stund saman og rifja upp gamlar minningar og þess utan að fá sér stuttan göngutúr og jafnvel smá hressingu. Gönguhópurinn vill gjarnan að fleiri sjái sér fært að vera með og ef vill taka með sér fjölskyldumeðlimi eða vini og kunningja.

Vetrarstarf lífeyrisþegadeildarinnar

Yfir vetrartímamann, frá október til maí, er lífeyrisþegadeildin með fundi fyrsta sunnudag í hverjum mánuði. Fundirnir eru haldnir í Brautarholti 30 og hefjast kl. 10:00. Hafa menn verið nokkuð duglegir að mæta og er setið í u.þ.b. tvo tíma yfir kaffibolla og léttu spjalli. Undantekning frá þessu er í desember en þá hefur lögreglustjórnin í Reykjavík boðið upp á aðventukaffi og fengið prest til að vera með með jólahugvekju. Yfirleitt er vel mætt á þennan fund og heðra helstu yfirmenn lögreglunnar fundarmenn með nærveru sinni.



Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnadar í starfi

Hafnarfjörður

Námsflokkar Hafnarfjarðar-Miðstöð
Simenntunnar
Brekkgötu 2
Nýsir hf.
Flatahrauni 5
Oddur bakari ehf
Furuvöllum 12
Rafgeymasalan ehf.
Dalshrauni 17
Rafhitun ehf.
Kaplakrauni 7a
Raf-x ehf.
Hvaleyrarbr.29 Box 416
Steinsteypusögum ehf.
Stapahrauni 6
Suðurverk hf.
Drangahrauni 7
Suzuki umboði ehf
Kaplakrauni 1
Trégaur ehf.
Suðurgötu 31
Varahlutabjónustan sf
Ishellu 4
Vélaverkstæði Hjalta Einarssonar ehf.
Melabraut 23
Viking björgunarbúnaður
Hvaleyrarbraut 27
www.smurning.is
Hjallahrauni 4

Álftanesi

Klettur, verktakar
Blikastíg 18

Keflavík

A. Óskarsson ehf.
Heiðargerði 8
Aðalstöðin ehf. - smurstöð
Hafnargötu 86
Bóhó ehf.
Grófinni 8
Brunavarnir Suðurnesja
Hringbraut 125
Fagtré ehf.
Suðurgarði 5
Fasteignasalan Stuðlaberg ehf.
Hafnargötu 29
Fiskbúðin Fiskbær
Hringbraut 94
Fristund
Faxabraut 27
Guðis ehf
Vesturgötu 37
H.H. veitingar
Tjarnargötu 2
Húsagerðin ehf.
Hólmgarði 2c
Húsanes ehf.
Hafnargötu 20
Ísfoss ehf
Hafnargötu 60
Langbest
Hafnargötu 62
Lögfræðistofa Suðurnesja ehf.
Hafnargötu 51-55
Malbikunarstöð Suðurnesja ehf
Hafnargötu 24
Matarlyst - Atlanta ehf.
Íðavöllum 1
Matvöruverslunin Hólmgarður
Hólmgarði 2
Málverk sf.
Skólavegi 36
Nesprýði ehf
Vesturbraut 10-12
OSN lagnir ehf.
Íðavöllum 4b
Pizza 67, Keflavík
Hafnargötu 30
Plastgerð Suðurnesja ehf.
Framnesvegi 21
Rafiðn ehf.
Vikurbraut 1
Reykjanesbær
Tjarnargötu 12
RV ráðgjöf
Efstaleiti 75
Samhæfni - Tæknilausnir ehf
Hringbraut 96
Skipting ehf.
Grófinni 19

Smíðafélagið ehf
Grófinni 15
Smurstöð og hjólbarðapjónusta
Björns og Þórðar
Vatnsnesvegi 16
Sólbaðs- og þrekmiðstöðin Perlan
Mávabraut 8b
Sparisjóðurinn í Keflavík
Tjarnargötu 12
Sýslumaðurinn í Keflavík
Vatnsnesvegi 33
Traffic, Sportbar
Tjarnargötu 27a
Trésmíðaverkstæði Stefáns og Ara sf.
Brekustíg 38
Tæknivík ehf.
Grófinni 14b
Tölvupjónusta Vals
Hringbraut 92
Varmamót ehf.
Framnesvegi 19
Verkfæðistofa Suðurnesja ehf.
Vikurbraut 13
Verktakasambandið ehf
Grófinni 9-11
Vísir félag skipstjórnamanna á Suð-
urnesjum
Hafnargötu 90

Keflavíkurlugvöllur

Flugmálastjórn
á Keflavíkurlugvelli
Íslenskur markaður ehf.
Flugstöð Leifs Eiríkss.
Suðurlug ehf.
Keflavíkurlugvelli
Sýslumaðurinn á Keflavíkurlugvelli
Grænási

Grindavík

Bláa lónið hf.
Svartsengi box 22
H.H. Rafverktakar
Staðarhrauni 15
Sjómanna- og vélstjórafélag
Grindavíkur
Hafnargötu 9
Þorbjörn Fiskaness hf.
Hafnargötu 12

Sandgerði

Flugfiskur hf.
Tjarnargötu 1-3
Nesmúr sf
Holtsgötu 26

Garður

Fiskverkunin Háteigur
Valbraut 15
Fiskþurrkun ehf.
Skólabraut 11
Rafagnavinnustofa
Sigurðar Ingvarssonar
Heiðartúni 2
Raftýran sf.
Lyngbraut 1
Trésmíðaverkstæði
Braga Guðmundssonar
Sunnubraut 27

Njarðvík

B & T Bílaréttingar og sprautun
Njarðarbraut 11d
Bílahúsið.is - I.H. söluumboð
Holtsgötu 52
G. D. Trésmíði ehf
Hafnarbraut 12
R. H. Innréttingar
Skipabraut 1
Radióvík ehf.
Brekustíg 14
Renniverkstæði
Jens Tómassonar ehf.
Fitjabakka 1c
Stapinn
Njarðvík

Mosfellsbær

Glertækni ehf.
Grænumýri 3

Hjólbarðaverkstæðið Bæjardekk ehf.
Langatanga 1a
Ísfugl ehf.
Reykjavegi 36
Nýja bílasmiðjan hf
Flugumýri 20
Pizzabær ehf.
Kjarna, Þverholti 2

Akranes

Bírfreiðastöð Þ.P.P. ehf.
Dalbraut 6
Bílaröst ehf.
Kalmansvöllum 3
Bílaaverkstæði Hjalta ehf
Ægisbraut 28
Bílver ehf.
Akursbraut 11
Glugga og Glerhöllin
Ægisbraut 30
GT tækni ehf
Grundartanga
Norðanfiskur ehf
Vesturgötu 5
Skagaverk ehf.
Skarðsbraut 11
Smellinn hf.
Höfðaseli 2
Smurstöðin Akranesi sf.
Smíðjuvöllum 2
Stedji ehf.
Vogabraut 28
Sýslumaðurinn á Akranesi
Stílholti 16-18
Vélsmiðja Ólafs R. Guðjónssonar ehf.
Smíðjuvöllum 6

Borgarnes

Bílasala Vesturlands sf.
Sólbakka 2
Borgarverk ehf.
Sólbakka 17-19
Geirabakarí
Sólbakka 11
Héraðsdómur Vesturlands
Bjarnarbraut 2
JG vélar sf
Kveldúlfsgötu 18
Lögfræðistofa Inga Tryggvasonar ehf.
Borgarbraut 61
Tak-Malbik ehf
Engjaáasi 1
Völundur Sigurbjörnsson
Fálkakletti 8

Stykkishólmur

Ásklif ehf.
Hjallatanga 6
Vaktþjónustan Vökustaur ehf.
Aðalgötu 12

Grundarfjörður

Ragnar og Ásgeir ehf.
Sólvöllum 7
Sægarpur ehf
Sæbólí 34

Ólafsvík

Gjálfur ehf
Túnbrekku 2
Grímsi ehf.
Hjallabrekku 5

Hellissandur

Esjar ehf
Hraunhálsi 13
Skarðsvík hf
Munaðarhóli 10
Snæbjörn Kristofersson
Laufási 1

Búðardalur

Kotur hf.
Reykhlóum
Sýslumaðurinn í Búðardal
Miðbraut 11

Ísafjörður

Akstur og löndun ehf
Kleifarvegi 8
Bílaaverkstæði Ísafjarðar ehf.
Sindragötu 3
Brattur ehf
Góuholti 8
Fernandos
Austurvegi 1
Gámapjónusta Vestfjarða ehf.
Góuholti 14
Hamraborg ehf.
Hafnarstræti 7
Héraðsdómur Vestfjarða
Hafnarstræti 1
Hjólbarðaverkstæði Ísafjarðar
Sindragötu 14
Hópfærðabílar - Stjórnumbílar ehf
Suðurgötu 9
KNH ehf.
Grænagarði
Miðfell hf.
Sindragötu 1
Mjólkursamslag Ísafirðinga
Sindragötu 2
Orkuþú Vestfjarða
Stakkanesi 1
Sýslumaðurinn á Ísafirði
Hafnarstræti 1
Trésmíðaverkstæðið Ágúst og Flosi
Árnagötu 3
Vestfirskir verktakar ehf
Skeiði 3

Bolungarvík

Sparisjóður Bolungarvíkur
Aðalstræti 14
Sýslumaðurinn í Bolungarvík
Aðalstræti 12

Flateyri

Úlfar ehf.
Drafnargötu 2

Tálknafjörður

Bókhaldsstofan Tálknafirði
Strandgötu 40
Eik ehf. - trésmíðja
Strandgötu 37
Skip ehf
Skógum

Pingeyri

Véla- og bílaþjón Kristjánar ehf.
Hafnarstræti 14

Brú

Vélaverkstæði Sveins Karlssonar
Borðeyri

Hólmavík

Sýslumaðurinn á Hólmavík
Hafnarbraut 25

Hvammstangi

Vélaverkstæði Hjartar Eiríkssonar sf.
Búlandi 1

Blönduós

Krákur ehf, verslun,
smíðar og verktakar
Melabraut 21
Léttitækni ehf.
Efstubraut 2
Stéttarfélagið Samstaða
Þverbraut 1
Stígandi ehf.
Húnabraut 29
Sýslumaðurinn á Blönduósi
Hnjúkabyggð 33

Skagastönd

Vélaverkstæði Skagastrandar
Strandgötu 30



Sigríður Hrefna Jónsdóttir, starfsmannastjóri lögreglunnar í Reykjavík

Breytingar, stjórnun þeirra og áhrif á starfsfólk

Dómsmálaráðherra hefur boðað að nýskipan lögreglumála sé framundan. Breytingar sem slíkri nýskipan fylgja eru umfangsmiklar og áhrif þeirra víðtæk og flókin en ekki endilega að sama skapi neikvæð. Af orðræðum manna og skrifum í dagblöð má ráða að ekki séu allir á eitt sáttir um fyrirkomulagið og að einhverjir beri ugg í brjósti um að framkvæmdin verði ekki til góðs. Í ljósi þessa verður hér stiklað á stóru um breytingar, stjórnun breytinga, fyrirtækjamenningu og vanda stjórnenda og endingu starfsfólks í hringiðu breytingaferlis.

Breytingar

Heimurinn og allt okkar líf er undirþöð stöðugri þróun og breytingum. Skipulagsheildir samtímans, þ.e. stofnanir og fyrirtæki, eru þar engin undantekning. Stjórnendur leitast við að gera þær í stakk búnar til að mæta þeim áskorunum sem felast í umhverfinu með það að markmiði að þær eigi líf í framtíð. Þeir þurfa að stjórna breytingaferli sem snýst um að aðlaga innra umhverfi skipulagsheildarinnar því ytra, eins og það er hverju sinni. Breytingaferlið kortleggja þeir sjálfir eða fá til þess sérfræðinga í stjórnun breytinga.

Stjórnun breytinga

Þó að öllum sé ljóst að breytingar verða ekki umflúnar sýna rannsóknir að breytingar sem ræstar eru hjá skipulagsheildum mistakast í allt að 70% tilvika og skila ekki tilætluðum árangri. Ástæður eru gjarnan raktar til stjórnenda. Sýnt hefur verið fram á að komast megi hjá eða draga úr eyðileggjandi áhrifum af villum sem gerðar eru í stjórnun ef eftirfarandi þættir eru fyrir hendi:

- ◆ Skilningur á því hvers vegna skipulagsheildir og starfsmenn streitast á móti þörfum breytingum
- ◆ Skipulagt ferli til að vinna á eyðileggjandi tregðulögumáli
- ◆ Styrk forysta til að stjórna ferlinu



Í breytingastjórnun er lögð sérstök áhersla á hlutverk leiðtoga: Leiðtoginn mótast og skapar framtíðarsýnina sem stjórnendur koma í framkvæmd en vald þeirra í breytingaferli byggir á grunnni samskipta frekar en valdi í skjóli stöðu. Mikilvægt er talið að stjórnendur kappkosti að tileinka sér leiðtogaeiginleika og færni til að leiða breytingar, einkum eftirfarandi:

- ◆ Hugmyndaauðgi (e. creativity)
- ◆ Liðsheildarhugsun (e. team orientation)
- ◆ Hlustun (e. listening skills)
- ◆ Hlutverk þjálfarans (e. coaching skills)
- ◆ Áreiðanleika (e. accountability)
- ◆ Að meta náungann og það sem hann hefur fram að færa (e. appreciativeness)

Fyrirtækjamenning og stjórnendur

Stjórnendur sem takast á hendur að framkvæma breytingar sem felast í að færa saman margar stofnanir í eina hafa ærið viðfangsefni. Í breytingum hjá skipulagsheild er erfiðast að fást við fyrirtækjamenninguna en með fyrirtækjamenningu er almennt átt við það sem starfsmenn eiga sameiginlegt, s.s. gildismat, hugsunarátt og hegðunarmynstur. Menningin endurspeglar í raun „sál“ skipulagsheildarinnar. Uppruni, aldur og eðli starfseminnar hefur mikil áhrif á menninguna. Erfitt er að flokka og skilgreina fyrirtækjamenningu og til eru mörg flokkunarkerfi. Eftirfarandi er dæmi um flokkun menningartengdra þátta:

- ◆ Hvað er menning?
- ◆ Reglur og stefnumál
- ◆ Markmið og mælingar
- ◆ Siðir og venjur
- ◆ Þjálfun
- ◆ Formlegar siðavenjur og viðburðir

Hegðun stjórnenda

- ◆ Umbun og viðurkenning
- ◆ Samskipti
- ◆ Ytri umgjörð (e. Physical environment)
- ◆ Formgerð skipulagsheildarinnar

Lögreglumönnum og öðru starfsfólki lögreglu má því vera ljóst að stjórnendur sem leiða breytingar eins og þær sem lögregluliðin vítt og breitt um landið standa nú andspænis, ráðast ekki á garðinn þar sem hann er lægstur. Af verkefnum stjórnenda má nefna:

- ◆ Samhæfingu upplýsingakerfa og tæknimála
- ◆ Samhæfingu vinnureglna, verkferla og starfshátta
- ◆ Húsnæðismál, þ.m.t. ákvörðun um staðsetningu höfuðstöðva og útlit vinnustaða
- ◆ Nýtt skipurit og skipulag stofnunar
- ◆ Upplýsingamiðlun til starfsfólks um ferlið

Allir framangreindir þættir eru mikilvægir og á engan þeirra hallað þótt sérstaklega sé bent á að góð miðlun upplýsinga er til þess fallin að draga úr neikvæðum áhrifum breytinga á viðbrögð starfsfólks.

Starfsfólk og breytingar

Fólk bregst við með ýmsum hætti þegar tilkynnt hefur verið að breytingar séu fram undan, hvort sem þær eru smávægilegar eða umfangsmiklar. Sumir skilja hvorki upp né

niður og sjá lítið samhengi í hlutunum, sumir verða reiðir, sumir draga sig í hlé og láta lítið fara fyrir sér, sumir verða áhyggjufullir og leitast við að halda í það sem var eða er að líða undir lok. Allt eru þetta eðlileg viðbrögð sem verða ekki vandamál nema fólk festist í einhverri tiltekinni hegðun.

Fæst viljum við missa öryggið sem felst í því að þekkja aðstæður. Breytingar fela þó sjaldnast í sér einhliða tap fyrir starfsfólk því í þeim getur einnig falist ávinningur. Vandinn er aðeins að koma auga á hann og færa sér síðan í nyt. Aftur á móti er auðvelt að greina tapið og falla í þá gryfju að einblína á það. Raunveruleikinn er hins vegar sá að breytingar verða, hjá þeim verður ekki komist. Val okkar snýst um eftirfarandi:

- ◆ Að láta eins og ekkert hafi breyst, halda okkar striki og gera allt eins og áður
- ◆ Að vinna gegn breytingunum
- ◆ Að taka þátt í breytingunum en þó ekki heils hugar (...og stundum pirruð!)
- ◆ Að leitast við að sjá ávinninginn, jákvæða þætti sem breytingarnar geta leitt af sér og vinna þannig með breytingunum

Í ölduróti breytingaferlis er hjálp í því að hugsa um jákvæða möguleika sem breytingar geta leitt til, sama hversu erfitt það getur reynst í hita leiksins. Næsta skref er að vinna með þessa möguleika, láta þá verða að veruleika, okkur sjálfum, okkar stofnun og lögreglunni í heild í hag.

Senge (1999).





**TIL
DANMEREKUR
Í FRÍÐ BÍLALEIGA - SUMARHÚS**

ÓDÝRIR bílaleigubílar
fyrir Íslendinga, t.d. vikugjald Dkr. 1.975

SUMARHÚS FRÁ DANCENTER
Verðlisti með yfir 7000 sumarhúsum um
alla Danmörku

ÍBÚÐIR Í ORLOFSHVERFUM
Lalandia

Verið velkomin á heimasíðu okkar
www.fylkir.is

International Car Rental

Umbodsmadur:
Fylkir Ágústsson
Fjarðarstræti 15
400 Ísafjörður

Fáið sendar frekari upplýsingar
Sími 456 3745
Netfang: fylkirag@fylkir.is
Veffang: http://www.fylkir.is

Orlofshús sumarið 2006



Framboð á orlofshúsum þetta sumarið er að mestu það sama og var í fyrra nema að nú hafa ábúendur í Fagranesi í Aðaldal sagt upp samningi við okkur þar sem þau ætla að nota húsið sjálf. Það verða eflaust margir sem sakna þess að hafa möguleika á dvöl þar, en við þessu er ekkert að gera og er þeim Guðmundi og Sigurveigu þökkud einstaklega góð samskipti undanfarin 15 ár.

Suðurland

Reykjavík

Íbúðin okkar í Hátúni 4, 2. hæð, í Reykjavík hefur sannað ágæti sitt. Nýting og eftirspurn hefur verið mjög góð. Um er að ræða 3ja herbergja íbúð á frábærum stað. Hjónaherbergi er með barnarúmi, barnaherbergi er með 2 rúmum og í stofu er hornsófi sem hægt er að breyta í tvíbreitt rúm. Auk þess eru tvær lausar dýnur. Sex sængur og koddar eru í íbúðinni og er hægt er að leigja sængurfatnað (lín) gegn vægu verði þ.e. 400 kr. fyrir manninn. Lyklar eru afhentir í samráði við skrifstofuna annað hvort á skrifstofunni eða á lögreglustöðinni eftir því sem hentar. Það er von okkar að sem flestir sjái sér hag í að nýta sér þessa góðu aðstöðu í höfuðborginni.

Vikuleigan er kr. 18.000 sumarið. Haust og vetur kr. 15.000. Leigutími: Allt árið.

Fell í Biskupstungum

Fell í Biskupstungum hefur vakið mikla lukku þann tíma sem við höfum haft það til umráða. Húsið er um 140 fm. að stærð með 8 rúmstæðum og 6 lausum dýnum svo allt að 14 manns getur gíst og eru sængur og koddar fyrir 12 til staðar. Búíð er að endurbýggja húsið allt að innan á mjög smekklegan hátt með öllum nýtísku þægindum. Einnig er stór og góð sólverönd út frá stofunni þar sem er heitur pottur. Dvalargestir þurfa að hafa með sér sængurfatnað (lín), handklæði, diskapurkur, sápu og salernispappír. Lyklar eru afhentir á lögreglustöðinni á Selfossi.

Fell er um 100 km frá Reykjavík og þaðan

er stutt til margra vinsælla ferðamannastaða allt um kring, s.s. Gullfoss, Geysis, Laugarvatns, Þingvalla o.fl. Næsti þéttbýliskjarni, er Reykholt í Biskupstungum, (1,5 km) þar er sundlaug, verslun, veitingar, banki, íþróttahús o.fl.

Vikuleigan er kr. 18.000 sumarið. Haust og vetur kr. 17.000. Leigutími: Allt árið.

Vesturland

Munadarnes hús nr. 5, 43, 69 og Stóru-Skógar hús nr. 6.

Munadarnes í Borgarfirði er óþarft að kynna því margir hafa dvalist þar í gegnum árin. Bjóðum við upp á þrjú stór hús í Munadarnesi og eitt í Stóru-Skógum sem gert er ráð fyrir 6-8 manns geti dvalið í. Stóru-Skógar eru vestan megin við þjóðveg 1 þar sem afleggjarnir mætast niður í Munadarnes og upp í Stóru-Skóga. Í Borgarfirði eru ótal útivistarmöguleikar. Sundlaugin að Varmalandi, Grábrók og eins hefur Skógrækt ríkisins opnað reit sinn við Hreðavatn til útivistar og gert gönguleiðir um svæðið, sem er sérstaklega skemmtilegt. Þjónustumiðstöðin í Munadarnesi þjónar báðum svæðunum og þar er sængurfatnaður afhentur dvalargestum að kostnaðarlausu. Heitir pottar eru komnir við öll húsin.

Vikuleigan er kr. 18.000. Eftir miðjan ágúst lækkar leigan í kr. 14.500. Leigutími: 12. maí til 8. september.

Norðurland

Akureyri

Orlofsíbúð LL í Helgamagrastræti 45 er 3ja herbergja, í alla staði mjög góð fyrir 4-6 manns. Í henni er mjög gott hjónaherbergi, með barnarúmi. Í barnaherbergi eru stórar kojur. Auk þess er svefnsófi í stofu og lausar dýnur fyrir stuttan tíma. Sex sængur og koddar eru til staðar. Nýtt parket er á allri íbúðinni sem gerir hana enn notarlegri. Sólballur er vestanmegin við húsið og hefur garðurinn verið yfirfarinn talsvert. Dvalargestir þurfa að

hafa með sér sængurfatnað (lín), handklæði, diskapurkur, sápu og salernispappír.

Vikuleigan er kr. 18.000 sumarið. Haust og vetur 15.000. Leigutími: Allt árið.

Austurland

Eiðar hús nr. 9

Sumarhúsabyggð BSRB að Eiðum stendur við Eiðavatn og þar á LL eitt hús með þremur svefnherbergjum (6 svefnstæði og 2 aukadýnur), stofu og eldhúsi. fylgir húsinu árabátur. Eddu Hótelíð á Eiðum sér um að afhenda lykla og rúmfatnað. Egilsstaðir er næsti þéttbýliskjarni, en þangað er um 12 km. Þar er sundlaug, verslanir, banki o.fl. Náttúrufrægur Fljótsdalshéraðs lengi verið rómuð fyrir utan hvað kjörið er að gefa sér tíma til að skoða Austurlandið.

Leigutími: Frá 12. maí- 8. september.

Einarsstaðir hús nr. 25

Síðastliðin sumur hefur orlofsnefndin aukið fjölbreytni dvalarstaða með húsaskiptum við Austfirðinga. Fengu þeir afnot af einu af okkar húsum í Munadarnesi gegn þeirra húsi að Einarsstöðum. Þetta hefur mælt mjög vel fyrir. Þess ber að geta að búíð er að endurbæta húsið mikið, ný eldhúsinnrétting og eldavel með ofni o.fl. Þjónusta við orlofshúsin er veitt frá Úlfstöðum en þar eru einnig veittar upplýsingar um nágreppið og seldar ýmsar dagvörur. Í þjónustumiðstöðinni eru einnig seld silungsveiðileyfi. Einarsstaðir eru u.þ.b. 11 km í suður frá Egilsstöðum sem er næsta þéttbýli. Húsin eru leigð með hefðbundnum búnaði fyrir 6-8 manns. Sængurfatnaður fylgir ekki en hægt er að fá hann leigðan á vægu verði.

Leigutími: Frá 16. júní - 25. ágúst.

Vikuleigan að Eiðum og Einarsstöðum er kr. 15.000. Eftir miðjan ágúst lækkar leigan í kr. 10.000 en á báðum stöðum er um stærri gerð húsa að ræða án potta. 12. maí - 9. júní hafa lífeyrisþegar forgang að dvöl í orlofshúsum LL.



Reglur um úthlutun orlofshúsa

Allir fullgildir félagar í Landssambandi lögreglumanna eiga rétt á að sækja um orlofshús sem í boði eru á hverjum tíma. Fullgildur félagi í Landssambandi lögreglumanna safnar orlofspunktum, eitt ár í starfi gefur 2 punkta. Hver úthlutun kostar ákveðið

marga punkta eftir nánari ákvörðun orlofsnefndar. Sjá neðar. Sá sem fær úthlutað orlofshúsi fær tilkynningu senda bréflaga.

Geti sá sem úthlutun hefur hlotið ekki nýtt sér húsið skal það tilkynnt til skrifstofu Landssambandsins eins fljótt og hægt er. Ef húsi er skilað með skemmri fyrirvara en einni viku verður 1 refsipunktur dreginn af viðkomandi.

Orlofspunktur dragast af þeim sem nýta sér lausar vikur nema það sé um viku eða skemmri fyrirvara að ræða.

Félagar í lífeyrisþegadeild LL eiga forgang að út-

hlutun fyrstu 4 vikur orlofstímabilsins en starfandi lögreglumenn hafa forgang frá miðjum júní.

Punktanoftkun:

12. maí - 9. júní	4 punktar
9. júní - 23. júní	12 punktar
23. júní - 4. ágúst	15 punktar
4. ágúst - 18. ágúst	12 punktar
18. ág - 8. september	7 punktar



Stéttarfélagsmiðar

Edduhótel

Eins og undanfarin sumur verða í boði fyrir félagsmenn niðurgreiddir gistimöguleikar á Edduhótelunum. Verð á greiðslumiða er 4.000 kr. Hver miði gildir fyrir tveggja manna herbergi með handlaug í eina nótt. Leyfilegt er að taka með sér börn í herbergi án þess að greiða aukalega ef fólk hefur svefnpoka eða rúmföt meðferðis. Við útvegum dýnu.

Greiðslumiðana má nota á öllum Edduhótelunum sem eru 15 hringinn í kring um landið. Gestir sjá sjálfir um að bóka gistingu. Hótelin bjóða gistingu ýmist í herbergjum með handlaug eða með baði og sum hvorutveggja. Á Edduhótelunum er boðið upp á fjölbreyttar veitingar.

Sé gist í herbergi m/baði greiðist aukagjald kr. 4.100 á herbergi. Sé gist í herbergi m/baði á Hótel Edda Plus* greiðist aukagjald kr. 5.700,-.

*Hótel Edda Plus eru Hótel Edda, Akureyri, Laugum í Sælingsdal, Hellissandi og Vík. Þar eru herbergi með baði, sjónvarpi og síma.

Varðandi veitingar viljum við taka fram að börn 0 - 5 ára fá frían mat og börn 6 - 12 ára greiða hálf gjald. Morgunverður kr. 900 á mann.

Edduhótelin eru almennt opin á tímabilinu byrjun júní til ágústloka en þó eru undantekningar á því sem félagsmönnum er bent á að kynna sér sérstaklega hjá starfsmönnum Edduhótelanna í síma 444 4000 og edda@hoteledda.is

Upplýsingar um hótelin má einnig fá á heimasíðu www.hoteledda.is



Fosshótel

Orlofsnefnd hefur ákveðið að bjóða félagsmönnum einnig gistimiða á Fosshótelunum sem eru staðsett vítt og breytt um landið. Verð á gistimiða er kr. 4.000 fyrir tveggja manna herbergi með baði ásamt morgunverði sem gildir til 31. desember 2006.

Eitt barn undir 12 ára með foreldrum EKKERT aukagjald.

Gestir greiða síðan eftirfarandi aukagjald á viðkomandi hóteli:

- ◆ kr 1000 í júlí og ágúst á Fosshótel Áningu, og Fosshótel Nesbúð.
- ◆ kr 3500 í júlí og ágúst 2005 fyrir herbergi á Fosshótel Lind, Baron, Suðurgata/Reykjavík- Fosshótel Reykholt/Borgarfirði - Fosshótel Laugum -Fosshótel Húsavík - Fosshótel Hallormsstað - Fosshótel Valaskjál/ Egilsstöðum - Fosshótel Vatnajökli/Höfn -Fosshótel Mosfell/Hella
- ◆ kr 1500 í jan-jún 2006 og sep-des 2006 fyrir herbergi á Fosshótel Lind og Baron Reykjavík.
- ◆ kr 2900 fyrir auka rúm.

Fosshótel á Íslandi eru:

Fosshótel Lind, Rauðarárstígur 18, 101 Reykjavík	allt árið	562 3350
Fosshótel Baron, Baronstígur 2 Skúlagötumegin, 101	allt árið	562 3204
Fosshótel Valaskjál, Skógarlöndum 3, 700 Egilsstaðir	allt árið	474 1600
Fosshótel Húsavík, Ketilsbraut 22, 640 Húsavík	allt árið	464 1220
Fosshótel Nesbúð, Nesjavellir, 801 Selfoss	allt árið	482 3415
Fosshótel Mosfell, Prúðvangur 6, 850 Hella	01.06 - 31.08	487 5828
Fosshótel Suðurgata, Suðurgötu Reykjavík	03.06 - 23.08	562 4000
Fosshótel Reykholt, 320 Reykholt	01.05 - 30.09	435 1260
Fosshótel Vatnajökull, Lindarbakka 781 Hornarfirði	15.05.- 25.09	478 2555
Fosshótel Laugar, 650 Laugar	01.06.- 23.08	464 6300
Fosshótel Áning, Skagfirðingsbraut 21, 550 Sauðárkrókur	01.06.- 19.08	453 6717
Fosshótel Hallormsstaður, 701 Hallormsstaður	06.06.- 25.08	471 1705

Miðar sem ekki eru notaðir verða ekki endurgreiddir heldur er hægt að endurnýja þá gegn 100 kr. gjaldi per miða. Nánari upplýsingar eru að fá í síma 562 4000 eða á heimasíðu www.fosshotel.is

Sala gistimiða hefst 1. júní á skrifstofu LL

Öldungamót lögreglumanna í innanhússknattspyrnu 2005

Mótið var haldið í Víkinni, íþróttahúsi Víkings, dagana 3. – 4. mars 2006. Fyrirhugað var að halda mótið í lok síðasta árs en vegna þátttökuleysis var mótinu frestað. Til leiks í annarri tilraun mættu 8 lið. Lið frá Keflavík, Keflavíkurlflugvelli, RLS, Akureyri, Reykjavík A- og B-lið, Hafnarfirði og Austurlandi en þar var um að ræða sameiginlegt lið embættanna á Seyðisfirði og Eskifirði ásamt lánsmanni frá Selfossi. Er þetta í fyrsta skipti sem lögreglumenn frá Austurlandi mæta til leiks á landsmót lögreglumanna en stofnuð hefur verið íþróttanefnd innan Lögreglufélags Austurlands.

Mótið fór vel fram en dómara komu úr röðum lögreglumanna eða tengdust þeim. Þeir Sigurður Jóhann Stefánsson, Jónatan Guðbrandsson og Viðar Guðmundsson. Höfðu þeir góða stjórn á hlutunum en eins og alltaf töldu leikmenn sig þurfa að leiðbeina þeim. Einn skar sig þó úr og var haft á orði að Björn

Bjartmarz, Reykjavík A, hefði verið fjórði „dómara“.

Lokahóf og verðlaunaafhending

fór fram í Félagsheimili LR að Brautarholti en mæting þangað hefði mátt vera betri. Besti leikmaður mótsins var Steinar Adolfsson Rls. en hann var kosinn af liðsstjórum liðanna. Markahæsti leikmaðurinn var Runólfur Þórhallsson Rls. með 21 mark. Þrúðasta liðið var lið Hafnarfjarðar, fengu þeir að launum Þrúðabikarinn, farandbikar, sem gefinn var til minningar um Ófeig Baldursson, lögreglufulltrúa á Akureyri, árið 1986. Það voru dómara mótsins sem völdu þrúðasta liðið. Að lokum þakkaði Guðmundur St. Sigmundsson, varaformaður ÍSL, mótshöldurum, Íþróttafélagi lögreglunnar í Reykjavík, fyrir mótshaldið og tilkynnti að Öldungamót ársins 2006 færi fram í Hafnarfirði.



Lið Keflavíkur



Lið Rls.



Lið Austurlands

Samningur

við dómsmálaráðuneytið

Þann 24. mars sl. undirrituðu Björn Bjarnason dómsmálaráðherra og Óskar Bjartmarz formaður ÍSL samstarfssamning. Tilgangur samningsins er að efla íþróttastarfsemi meðal lögreglumanna og sérstök áhersla skal lögð á að efla íþróttastarfsemi meðal lögreglukvenna. Stjórn ÍSL bindur miklar vonir við þennan samning en hann kemur sér vel í vaxandi starfsemi sambandsins. Í þessu sambandi má nefna að í lok apríl nk. mun lið lögreglukvenna í handknattleik taka þátt í Norðurlandamóti lögreglumanna í handknattleik í fyrsta sinn.

Þing ÍSL

Stjórn ÍSL hefur ákveðið að fresta þingi sambandsins sem annars ætti að vera í maí. Þinginu er frestað til haustsins, þ.e. september eða október.

Norræna sakamálabókin

Guðmundur Gígja, fyrrverandi lögreglufulltrúi, hefur verið ráðinn ritstjóri Norrænu sakamálabókarinnar í stað Árna Þórs Sigmundssonar aðalvarðstjóra. Árna Þór er þakkað samstarfið en hann var ritstjóri í fjögur ár. Stjórn ÍSL bindur miklar vonir við Guðmund, sem fór á eftirlaun á síðasta ári, og býður hann velkominn til starfa.

Úrslit urðu eftirfarandi:	Markamismunur	
1. Keflavík	13 stíg	15 mörk
2. Rls.	12 stíg	12 mörk
3. Reykjavík A	8 stíg	1 mark
4. Akureyri	8 stíg	1 mark
5. Keflavíkurlflugvöllur	5 stíg	11 mörk
6. Austurland	4 stíg	6 mörk
7. Reykjavík B	3 stíg	11 mörk
8. Hafnarfjörður	3 stíg	14 mörk

Jens Hilmarsson,
fyrrverandi formaður ÍFL

Mótalisti 2006

Landsmót:	Umsjón/mótsstaður	Dags.
Landsmót í innanhússknattspyrnu	Keflavík	31. 03. – 01. 04.
Golf	Keflavík	
Öldungamót innanhússkn.	Hafnarfjörður	
Skotfimi	Reykjavík	
Norðurlandamót:		
Skíði	Finland	20. – 24. mars
Handknattleikur	Svíþjóð	24. – 28. apríl
Júdó og lyftingar	Danmörk	október
Evrópumót:		
Friðársar íþróttir	Tékkland	25. – 28. maí
Marapón	Tyrkland	nóvember
Önnur mót:		
Lögregluskólammót Norrænu sakamálabókarinnar	Reykjavík	27. – 30. apríl



Vorferð Lögregluþórs Reykjavíkur til Rússlands og Eistlands

Ákveðið var í byrjun þessa árs að skrá kórinn til þátttöku á kóramót sem fyrirhugað var að halda í Tallinn, Eistlandi, dagana 25. – 28. maí. Sú hugmynd kom einnig upp að fara til Rússlands. Tilfnið er að Lögregluþór Reykjavíkur varð 70 ára árið 2004. Má segja að þetta sé eins konar afmælisferð kórsins. Ferðanefnd var skipuð en í henni eru Þórir Ingvarsson, Hilmar Harðarson og Ómar Þ. Pálmason. Einnig var skipuð fjáröflunarnefnd vegna ferðarinnar. Í fjáröflunarnefnd eru Benedikt Lund, Geir Jón Þórisson og Guðmundur Ingi Ingason.

Ferðanefndin hafði samband við Pétur Óla Pétursson, athafnamann í St. Pétursborg, og sýndi hann verkefninu strax áhuga. Pétur kveðst vilja koma Lögregluþórum inn á Norræna tónlistarhátíð sem haldin yrði í Pétursborg dagana 15. – 25. maí. Ræddi Pétur við listrænan stjórnanda hátíðarinnar, Kristofer Wahlander, Svía sem hefur getið sér gott orð í tónlistarheimi Pétursborgar. Úr varð að LKR var boðið að taka þátt í fyrrgreindri hátíð. Ákveðið hefur verið að fara frá Íslandi 19. maí en flogið verður frá Keflavík til Helsinki snemma morguns. Er til Helsinki er komið verður stigið um borð í langferðabifreið sem fer með hópin til Pétursborgar. Ferðin tekur um 4 – 5 klst.


Í Pétursborg hefur þegar verið pantað fyrir kórinn á Hótel Moskva sem er í hjarta borgarinnar, eða við Alexander Nevsky-torgið, rétt við ána Nevu. Kórinn mun taka þátt í tónleikum og skipulagðri dagskrá meðan á dvölinni stendur þar, auk þess sem fyrirhugað er að

kórinn haldi tónleika á eigin vegum.

Þann 24. maí er ráðgert að fara með langferðabifreið frá St. Pétursborg til Tallinn í Eistlandi. Þar er fyrirhugað að taka þátt í , Norrænu-baltnesku karlakóramóti, sem haldið er dagana 25. til 28. maí. Þegar þetta er skrifað er ekki vitað á hvaða hóteli kórinn verður í Tallinn. Fyrirhugað er að gista í fimm nætur í Tallinn og fljúga heim 29. maí nk.

Það er augljóst að svona ferð er óframkvæmanleg án þess að allir kórfélagar verði meðvitaðir um að afla farareyris. Það er ósk okkar allra í kórnum að þau fyrirtæki og stofnanir sem leitað verður til taki vel á móti kórnum. Undirritaður vill nota tækifærið til þess að þakka ferða- og fjáröflunarnefnd fyrir mikið og gott starf í þágu kórsins.

Hér fylgja tenglar fyrir þá sem hafa áhuga:




Margar glæsilegar kirkjur eru víða í Rússlandi, hér má sjá eina slíka

www.nordicmusic.spb.ru/about_en.shtml
www.hotel-moscow.ru/english/home.htm

PI.



Hugleiðing um umhverfi



Hvað eru umhverfisafbrot? Er eitthvað til sem hægt er að flokka sérstaklega sem umhverfisafbrot? Það er ekki alltaf auðvelt að flokka eða skilgreina ákveðið afbrot sem umhverfisafbrot. Í mörgum tilfellum er ástæða brotsins ekki vilji til að raska náttúrunni eða menga umhverfið. Ef hins vegar er um ásetning að ræða er meginástæða fyrir brotinu oft eða í mörgum tilfellum væntanlegur fjárhagslegur ávinningur af því að fara ekki eftir settum reglum. Afbrot tengd umhverfismálum geta verið margvísleg, allt frá því að ræna fálkaungum eða fálkaeggum yfir í að menn virði vísitandi ekki kröfur um mengunarvarnir sem settar eru í starfsleyfum fyrirtækja eða að mengunarfni eru losuð úr skipum úti á rúmsjó og svona mætti lengi telja.

Önnur umhverfisafbrot geta verið allt annars eðlis og ekki hægt að sjá að neinn fjárhagslegur ávinningur sé af afbrotinu. Þetta eru oft afbrot sem tengjast á einhvern hátt lífsviðhorfum eða lífsstíl fólks og því hvað það metur í lífinu umfram annað. Sem dæmi má nefna plöntusafnara sem safna öllum plöntum sem þeir komast yfir þ.m.t. jafnvel sjaldgæfum og friðlýstum plöntutegundum. Annað dæmi sem má





Umfersafbrot



nefna eru veiðimenn sem veiða fugla utan veiðitíma og einstaklinga sem aka utan vega og skemma náttúruna. Á undanförunum árum hefur akstur utan vega stórauðist á torfæruökutækjum eða öðrum ámóta vélhjólum. Um það efni birtist góð grein í Lögreglu-manninum, 2. tbl. 2005, eftir Ástríði Grímsdóttur sýslumann á Ólafsfirði.

Þrátt fyrir að ástæða fyrir afbroti geti verið misjöfn má líklega skilgreina umhverfisafbrot sem öll afbrot sem á einn eða annan hátt hafa bein eða óbein neikvæð áhrif á náttúruna eða á umhverfi okkar og eru líkleg til að hafa skaðleg áhrif og/eða verði til þess að spilla lífi og heilsu manna.

Hvað er til ráða?

Þessari stuttu grein er ekki ætlað að sýna fram á með tölfræði hvort mikið eða lítið sé af umhverfisafbrotum á Íslandi. Tilgangur greinarinnar er frekar að varpa ljósi á nokkur algeng vandamál sem upp kunna að koma við framkvæmd laga sem ætlað er að koma í veg fyrir slík afbrot.

Akstur utan vega er bannaður samkvæmt lögum um náttúruvernd, hvort sem hann veldur varanlegum eða tímabundnum skaða á náttúrunni. Það hefur sýnt sig að hér er oft um margslungið vandamál að ræða. Menn greinir á um hvað sé vegur og afbrotið oft fjarri mannabyggð og engin vitni að brotinu. Það er langt í næstu lögreglustöð og eins og lögreglan þekkir manna best oft ekki tími eða mannaflí til að sinna öllum ábendingum sem upp koma, ekki hvað síst ef það kostar margra tíma akstur að fara á vettvang. Þá er útköllum forgangsraðað og vegur þá þungt t.d. hvort um slys á fólki er að ræða eða verið er að brjóta á einstaklingum. Ef það er eingöngu móðir náttúra sem verður fyrir barðinu er hún kannski ekki efst á lista en hún er oft ansi hörð af sér og jafnar sig stundum fljótt. Sönnunarbyrði í slíkum málum getur oft verið mjög erfið og málið yfirleitt ekki afgreitt á staðnum með sekt eins og ef um væri að ræða t.d. umferðarlagabrot. Stórbæta þarf eftirlit á hálendi Íslands bæði á sumrin og veturna.

Eru aðrir en lögreglan sem hugsanlega gætu tekið að sér eftirlit með akstri utan vega og fengið heimild til að sekta fyrir slíkt athæfi? Við höfum t.d. stöðumælaverði sem geta sektað ökumann ef bíl er lagt ólöglega eða tími sem greitt var fyrir er liðinn. Ekki eru allir sáttir við starfssvið stöðumælavarda en heimild þeirra til að sekta ökumenn hefur ekki verið dregin í efa. Undanfarið hefur verið mikið í umræðunni hvort „auka“ eða lögfesta eigi heimild starfsmanna Vegagerðarinnar til að stöðva bifreiðar ef þær standast ekki ákveðnar kröfur. En um það mál sýnist sitt hverjum.

Umhverfisstofnun ræður á hverju sumri 30 – 40 landverði sem starfa bæði í þjóðgördum og á miðhálendi Íslands. Einnig eru starfandi þrjú þjóðgarðsverðir og fimm sérfræðingar/heilsárslandverðir í þjóðgördunum. Starfsskyldur landvarða felast aðallega í fræðslu og eftirliti og þ.m.t. að hafa eftirlit með því að reglur á friðlýstum svæðum séu ekki brotnar. Sú umræða hefur stundum komið upp hvort ástæða sé til að fela landvörðum og þá þjóðgarðsvörðum einhverjar víðtækari heimildir t.d. til að sekta fyrir akstur utan vega, á svipaðan hátt og stöðumælaverðir hafa heimild til að sekta vegna bifreiða sem er lagt ólöglega, eða að þeir fái



Trausti Baldursson
Fagsviðsstjóri hjá Umhverfisstofnun

„Sú umræða hefur stundum komið upp hvort ástæða sé til að fela landvörðum og þá þjóðgarðsvörðum einhverjar víðtækari heimildir t.d. til að sekta fyrir akstur utan vega, á svipaðan hátt og stöðumælaverðir hafa heimild til að sekta vegna bifreiða sem er lagt ólöglega,“



„eru sum svæði í nágrenni höfuðborgarinnar nánast útsporðuð hvert sem litið er vegna vélhjólanna sem stunda ólöglegan akstur. Sumum tegundum vélhjóla má í raun aðeins aka á sérstökum akstursípróttasvæðum.“

heimild til að kyrrsetja fólk ef það er að brjóta af sér gagnvart lögum um náttúruvernd. Erlendis þekkest, t.d. í Bandaríkjunum, að landverðir eða veiðiverðir hafi nánast lögregluvald og geti bæði sektað fólk og handtekið það.

Það hefur hingað til ekki verið á óskalista Umhverfisstofnunar að auka vald landvarða í þá átt sem nefnt er hér að framan. Stofnunin hefur frekar viljað leggja aðaláherslu á að fá aukið fjármagn til að auka fræðslu, upplýsingagjöf og eftirlit þannig að unnt verði að ná árangri með forvörnum og fræðslu. Eins og öðrum eru Umhverfisstofnun sett ákveðin takmörk fjárhagslega og vandamál varðandi utanvega-akstur er árlegur viðburður. Jeppaeign landsmanna hefur stóráukist á undanföllum árum, fleiri koma til landsins á eigin bílum og með gríðarlegri aukningu í vélhjólaleign eru sum svæði í nágrenni höfuðborgarinnar nánast útsporðuð hvert sem litið er vegna vélhjólanna sem stunda ólöglegan akstur. Sumum tegundum vélhjóla má í raun aðeins aka á sérstökum akstursípróttasvæðum. Vissulega vantar fleiri akstursípróttasvæði og er það hluti vandans en það á ekki að vera afsökun fyrir akstri utan vega. Laus þessa vanda er því meiri fræðsla, betri skipulagning og akstursípróttasvæði í sátt við náttúruna og útivist. Landverðir eru flestir ráðnir tímabundið yfir sumarmánuðina en eftir því sem heilsárslandverðir verða fleiri og menntun þeirra ítarlegri má vel skoða hvort

hægt sé að veita þeim einhverja heimild svo sem til að sekta vegna ákveðinna umhverfisafbrota. Það skal tekið skýrt fram að ef breyta á núverandi fyrirkomulagi þarfnast það mjög góðs undirbúnings og þarf að vera í fullri sátt við viðeigandi yfirvöld. Það má heldur ekki gleymast að skoða aðrar lausnir svo sem á sviði forvarna sem ætíð þurfa að vera til staðar og ber frekar að velja ef þær skila árangri.

Eru aðrar lausnir?

Akstur utan vega og ýmis umhverfisafbrot sem landverðir verða varir við eru ekki nema hluti vandans því umhverfisafbrot eru margvísleg og flóknari eins og áður segir. Sumstaðar erlendis hafa verið stofnaðar sérstakar deildir innan lögreglunnar sem sjá fyrst og fremst um umhverfisafbrot og sérhæfa sig í þeim. Má þar nefna Økokrim í Noregi. Ísland er hlutfallslega stórt land miðað við íbúafjölda og spurning hvort ástæða er til að setja slíka deild á laggirnar hér á landi. Það er hins vegar engin spurning og nauðsynlegt að innan lögreglunnar séu deildir sem hafa einstaklinga sem sérhæfa sig í umhverfisafbrotum eins og öðrum málaflökum. Með sérhæfingu innan lögreglunnar og umhverfisfyrivalda er líklega hægt að ná fram mun betri árangri í að koma í veg fyrir umhverfisafbrot.

Það er nauðsynlegt að litið sé á umhverfisafbrot jafnalvarlegum augum og önnur afbrot sem hafa svipaðan refsiramma. Það á einfaldlega ekki að vera hægt að líða afbrot eins og akstur utan vega á viðkvæmum svæðum þar sem skemmdir geta sést áratugum saman. Enn alvarlegra getur verið ef mengunarvarnir eru virtar að vettugi sem getur sett líf fólks og heilsu í hættu.

Einnig er áberandi í umhverfislöggjöf að viðurlög við ýmsum brotum eru óskýr eða vantar og að heldur er ekki skýrt hvar refsíabýrgð liggur og því oft erfitt að kæra fyrir tiltekið afbrot. Annað sem getur skapað vanda er að tiltekin lög, svo sem lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, sem vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómenguðu umhverfi, hafa einungis að geyma formreglur en ekki efnisreglur. Hvernig fyrirtæki/lögaðilar eða almenníngur á að framfylgja lögnum kemur því fyrst og fremst fram í reglugerðum en ekki lögnum sjálfum. Brot sem eru framin eru því ekki brot á lögnum sjálfum og því ekki um það að ræða að refsa fyrir brot á lögnum heldur vegna brota á reglugerðum. Ákvæði reglugerða eru oft of óskýr til að unnt sé að refsa á grundvelli þeirra. Þetta gerir það að verkum að ef lögín eru ekki skýr um hvaða athafnir teljast refsiverðar er oft erfitt að fylgja slíkum brotum eftir. Með markvissari löggjöf, meiri sérhæfingu innan lögreglunnar og umhverfisfyrivalda og bættri samvinnu milli þessara aðila má vafalaust bæta margt. Ef ná á verulegum árangri þarf að auka tengsl framangreindra fyrivalda við ýmsa hópa í samfélaginu sem málið varðar og stóruka um leið fræðslu um umhverfismál til almennings og hagsmunaaðila með það að markmiði að koma í veg fyrir óþarfa umhverfisafbrot sem oft stafa af þekkingarleysi.

Trausti Baldursson
Fagsviðsstjóri hjá Umhverfisstofnun

Estirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnadar í starfi

Sauðárkrókur

Bifreiðaverkstæði Kaupfélags
Skagfirðinga
Freyjugötu 9
Hesturinn
Sæmundargötu 3
Héraðsdómur Norðurlands vestra
Skagfirðingabraut 21
Króksverk ehf.
Borgarröst 4
K-Tak hf
Borgartúni 1
Ræsting og Bón ehf.
Raftahlíð 76
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki
Suðurgötu 1
Verslun Haraldar Júlíussonar
Aðalgötu 22

Siglufjörður

Allinn ehf- sportbar
Pormóðsgötu 11-15
Byggingafélagið Berg ehf.
Norðurgötu 16
Egilsíld ehf
Gránugötu 27

Akureyri

Amaro heildverslun - Viðar ehf.
Frostagötu 6c
Amarfell ehf. verktakar
Sjafnarnesi 2-4
Ásbyrgi - Flóra ehf.
Frostagötu 2a
Bifreiðastöð Oddeyrar
Strandgata
Bifreiðaverkstæði Bjarnhéðins hf.
Fjölnisgötu 2a
Bónstöð Norðurlands
Njarðarnesi 1
Brauðgerð Axels ehf.
Tryggvabraut 22
Bútur ehf.
Njarðarnesi 9
Byggingarfélagið Hyrna
Gleráreyrum 2
Bæjarverk hf.
Óseyri 20
Daglegt brauð ehf
Strandgötu 25
Fiskhús GJS ehf.
Svalbarðseyri
G.V. grófur ehf.
Óseyri 2
Gersemi Pröstur ehf
Hafnarstræti 96
Greifinn hf.
Glerárgötu 20
Héraðsdómur Norðurlands eystra
Hafnarstræti 107
J.B. Arasynir sf.
Skógarhlíð 27
Kjarnafæði hf.
Fjölnisgötu 1b
Lostæti ehf.
Naustatanga 1 box 234
Lögmannsstofan Lögmannshlið
Ráðhústorgi 3
Malbikun KM
Flögusiðu 2
Raf - Óseyri ehf
Óseyri 6
Rafmenn ehf.
Fjölnisgötu 2b
Rafós sf.
Skipagötu 14
Raftákn ehf.
Glerárgötu 34
Straumrás hf.
Furuvöllum 3
Tis ehf
Skipagötu 14
Tréborg ehf.
Furuvöllum 1
Trukkurinn ehf
Hjalteyrargötu 8

Grimsey

Sandvík hf.
Hella

Dalvík

Klaufi ehf.
Klaufabrekkm
Sparisjóður Svarfdæla
Ráðhúsinu
Ævar og Bóas sf.
Sandskeiði 14

Ólafsfjörður

Norðurfrakt
Hafnargötu 10
Smári ehf
Brinnesvegi 22

Húsavík

Alli Geira hf.
Norðurgarði 4
Heimabakari
Garðarsbraut 15
Langanes hf.
Skólagarði 6
Steinsteypir hf.
Hafnalæk II
Sýslumaðurinn á Húsavík
Útgarði 1
Vélaverkstæðið Árteigi
Árteigur Ljósavatnshrepp
Vikurraf ehf.
Héðinsbraut 4

Kópasker

Silfurstjarnan hf.
Núpsmýri

Vopnafjörður

Verktakafyrirtækið Ljósaland hf.
Háholti 3

Egilsstaðir

Austurtak ehf, verktakar
Bjarkargrund 1-3
Ársverk ehf
Mánatröð 4
Birkitré sf.
Lyngási 12
Bilaverkstæði Borgþórs ehf.
Miðási 2
G. Ármannsson ehf.
Artröð 12
Hitaveita Egilsstaða og Fella
Einhleypingi 1
Kaupfélag Héraðsbúa
Kaupvangi 6
Malarvinnslan hf.
Miðási 11
Miðás hf.
Miðási 9
Trésmiðja Guðna Þórarinnssonar
Mással
Verslunarmannafélag Austurlands
Miðvangi 2-4
Ökuskóli austurlands
Háafelli 4a

Seyðisfjörður

Sýslumaðurinn á Seyðisfirði
Bjölfsgötu 7
Vélsmiðjan Stálstjörnur
Fjarðargötu 1

Reyðarfjörður

Kjötkaup hf
Óseyri 1
Trévangur hf.
Búðareyri 15

Eskifjörður

Bilaverkstæði Ásbjörns
Útkaupstaðarbraut 2
Kría veitingasala ehf.
Svínaskálahlíð 17
Tandrberg ehf
Hafnargötu 24
Viðhald fasteigna
Strandgötu 50

Neskaupstaður

Aldan NK-28 ehf.
Starmýri 5
G.T. ehf - Verslunin Vík
Egilsbraut 6
Léttir hf.
Miðstræti 25

Fáskrúðsfjörður

Vöggur ehf.
Grimseyri 11

Djúpivogur

Djúp ehf
Borgarlandi 9
Salar Íslandica ehf
Bakka 1

Höfn

Bílverk
Vikurbraut 4
Bókhaldsstofan ehf.
Krosseyjarvegi 17
Krossey hf.
Vesturbraut 5
Rósaberg ehf
Garðshorn
Skeggey ehf.
Miðósi 17
Sýslumaðurinn á Höfn í Hornarfirði
Hafnarbraut 36

Selfoss

Árborg
Austurvegi 2
Bifreiðastöðin Faxi
Eyrarvegi 2
Bilapjónusta Péturs ehf.
Vallholti 17
Borgarhús hf.
Minni-Borg, Grímsnesi
Bókaútgáfan Björk
Birkivöllum 30
Byggingarfélagið Árborg ehf.
Bankavegi 5
Fasteignasalan Bakki ehf.
Sigtúni 2
Holræsa- og stíflupjónusta
suðurlands ehf.
Miðtúni 14
Jötunn vélar ehf.
Austurvegi 69
Litla kaffistofan ehf
Lögmenn Suðurlandi ehf.
Austurvegi 3
Málflutningskrifstofan ehf
Austurvegi 6
Meindýravarnir Suðurlands ehf.
Gagnheiði 59
Nesey ehf.
Suðurbraut 7
Nesós ehf.
Fossvegi 4
Rafmagnsverkstæði Jens Péturs
Laugarás 1
Raföld ehf.
Grásteini Ólfusi
Ræktunarsamband Flóa og Skeiða
Gagnheiði 35
S.G. hús hf.
Austurvegi 69
Set ehf.
Eyravegi 41
Tindaborgir ehf.
Gagnheiði 55
Vélsmiðja Suðurlands ehf
Gagnheiði 5
Vöruflutningar Magnúsar G. Ötjörð
Heimahaga 3

Hveragerði

Bilaverkstæði Jóhanns Garðarssonar
Austurmörk 13
Heilsustofnun N.L.F.Í.
Grænumörk 10

Porlákshöfn

Fiskmark ehf.
Hafnarskeiði 21
Frostfiskur ehf.
Hafnarskeiði 6
Humarvinnslan hf.
Unubakka 42-44
Steinsteypusögun Snæfelds ehf.
Egilsbraut 10

Stokkseyri

Kumbaravogur ehf.
Kumbaravogi

Laugarvatn

Ásvélar ehf.
Hrísholti 11

Flúðir

Áhaldahúsið Steðji
Smíðjustíg 2
Flúðafiskur
Borgarási
Flúðasveppir ehf.
Undirheimum
Gröfufækni ehf.
Smíðjustíg 2

Hella

Heflun ehf. Verktakapjónusta
Lyngholti
Varahlutaverslun Björns
Jóhannssonar
Suðurlandsvegi 2 box 1

Hvolsvöllur

Jón og Tryggvi hf.
Ormsvöllum 3
Rafmagnsverkstæði KR ehf.
Hlíðarvegi 2-4

Vík

Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal
Ránarbraut 1

Vestmannaeyjar

Bifreiðaverkstæði Muggs
Strandvegi 65
Bilaverkstæði Sigurjóns
Flötum 20
Bilaverkstæðið Bragginn sf.
Flötum 20
Bilverk ehf.
Flötum 27
Eyjavík ehf.
Vestmannabraut 23
Frár ehf
Hásteinsvegi 49
Lögmenn Vestmannaeyjum ehf.
Strandvegi 48
Ós ehf.
Illugagötu 44
Pétursey ehf
Flötum 31
Reynistaður ehf.
Vesturvegi 10
Stígandi hf.
Básaskersbrýggju 3
Tölvun ehf
Strandvegi 54
Vinnslustöðin hf.
Hafnargötu 2
Vöruval ehf.
Vesturvegi 18



Svo í borg sé leggjandi!

Einkabílum hefur fjölgað gríðarlega á höfuðborgarsvæðinu undanfarin ár. Þessi fjölgun er örari en svo að aukning bílastæða, sérstaklega í miðborginni, dugi til. Aukinni þörf fyrir að leggja bílum á miðborgarsvæðinu verður að svara með tvennum hætti: Annars vegar með **stæðisvali ökumanns** í samræmi við erindi og tíma. Hins vegar með **fjölgun bílastæða** og **breyttri gjaldskrá** sem m.a. skapar fleiri vel staðsett skammtíma-stæði.

Bílastæðasjóður kynnir **breytingar á bílastæðum** í miðborginni. Markmiðið er að mæta þörfum vegfarenda til að stæðin og tíminn nýtist þeim betur.

- Skammtíma-stæðum á svæðinu hefur verið fjölgað um 187.
- Gjaldsvæðin eru þrjú (sjá mynd). Dýrara er að leggja við aðalgötur en ódýrara eftir því sem fær dregur.
- Mælar taka fleiri mynttegundir. Bæði miða- og stöðumælar taka nú 10, 50 og 100 kr. mynt.



NYJUNG!



Bílastæðasjóður